



## Álit og tillögur um efnahagsmál

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnmaál – Dómsmálaráðherra – Menntamálaráðherra – Jóhannes Nordal –  
Benjamín Eiríksson – Klemenz Tryggvason – Ólafur Björnsson – Efnahagsmál

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-18, Örk 7

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Alit og Sellið  
um efnafræðisfræði.

1955

ÁLIT OG TILLÖGUR UM EFNAHAGSMÁL 1955

Samið af nefnd hagfræðinga, er ríkisstjórnin skipaði í september 1955. Í nefndinni áttu sæti: dr. Benjamín Eiríksson, dr. Jóhannes Nordal, Klemenz Tryggvason, hagstofustjóri, og Ólafur Björnsson, prófessor. - Klemenz Tryggvason er ekki aðili að tillögum nefndarinnar; að öðru leyti stendur hann að álitsgerðinni á sama hátt og hinir nefndarmennirnir.

- 0 -

30. nóvember 1955.



## E F N I S Y F I R L I T

	<u>Bls.</u>
Inngangur	1
Eru innflutningshöft og verðlagseftirlit líkleg til lausnar á vandamálunum?	9
Greinargerð fyrir tillögum	12
Tillögur	15
Athugasemdir um efnahagsmál (serálit frá Benjamín Eiríkssyni)	20
Fylgiskjöl:	
1. Áætlun um breytingu á vísitölunni fram að 1. febrúar 1956	29
2. Byggingarvöruinnflutningur 1949-1955	32
3. Tollar á kaffi og sykri	34
4. Greinargerð með tillögum um hækkun benzíntolls og bifreiðaskatts	37
5. Greinargerð fyrir nauðsyn bindingar kaupgjaldsvísitölu	40
6. Áætlanir um rekstrarafkomu 60 smalesta vélbáts	41
7. Álagning innflutningsgjalds	52
8. Greinargerð um innflutningsréttindi bátautvegsmanna og afkomu frystihúsanna	55
9. Ný fjármunamyndun 1954 og 1955	67



## I N N G A N G U R

Efnahagsástandið hér á landi einkennist nú af mikilli þenslu á hinum innlenda vinnumarkaði og hækkandi verðlagi, en af því hefur leitt vaxandi jafnvægisleysi gagnvart útlöndum. Er ástandið í gjaldeyrismalunum verra en verið hefur um langt skeið, og mikið misræmi hefur skapað milli innlands og erlands verðlags. Verður nú í stuttu máli greint frá, hversu ástætt er á helztu sviðum efnahagslífsins.

### Þenslan á vinnumarkaðinum og hækkandi verðlag.

Verðlag hefur farið stöðugt hækkandi síðan kauphækkunirnar urðu í apríl s.l., og hefur hin almenna verðpensla örvað þá þróun. Í fylgiskjali nr. 1 er greinargerð um þær verðhækkunir, sem utlit er fyrir á næstu mánuðum. Frá sjónarmiði vinnuveitenda nam kauphækkunin í upphafi 13,3 %, en er nú með áorðnum vísitöluhækkunum orðin 19,5 %. En þrátt fyrir þá hækkun framleiðslukostnaðar, sem þetta hafði í för með sér, eru merki þess, að eftirspurn eftir vinnuafli hafi frekar aukizt en rénað síðustu mánuði.

Þenslan á vinnumarkaðinum er fyrst og fremst fólgin í mikilli eftirspurn eftir vinnuafli annars vegar vegna geysilegrar fjárfestingarstarfsemi og hins vegar vegna varnarliðsvinnu. Á 1. töflu sést, hve margir Íslendingar hafa verið beinlínis í þjónustu varnarliðsins og verktaka þess. Útan við þessar tölur eru fjölmennir starfshópar í þjónustu oliufélaga, flutningafyrirtækja, opinberra aðila o.fl. Hefur fjöldi manna í varnarliðsvinnu minnkað verulega í ár og í fyrra, en jafnframt hefur eftirspurn eftir vinnuafli vegna innlendra fjárfestingar og neyzlu vaxið ört. Fjárfesting hefur aukizt mjög á undanförunum tveimur árum, eins og 2. tafla, sem sýnir fjármunamyndunina 1952-1954, leiðir í ljós. Annan mælikvarða á fjárfestingarstarfseminni er að finna í tölum um byggingarinnflutning, sjá fylgiskjal nr. 2. Aukning fjárfestingar í ár og í fyrra hefur verið mest í byggingu íbúðarhúsa og landbúnaðarframkvæmdum.

Eftirspurnin eftir vinnuafli er af þessum sökum fyrir löngu orðin stórum meiri en samrýmanlegt er jafnvægi á vinnumarkaði við gildandi kaupgjald, en af því hefur leitt, að mikil eftirvinna hefur verið unnin, duldar kauphækkunir veittar og álagning hækkuð. Jafnframt hefur byggingariðnaðurinn og varnarliðsframkvæmdirnar dregið vinnuafli úr öðrum atvinnugreinum og valdið þar vinnuafllsskort. Slikt ástand, sem nú er á vinnumarkaðinum, hlytur ávallt að hafa í för með sér rýrnandi afköst, vinnuagi linast, notast verður við óhentugt eða óþjálfað vinnufolk og vinnutíminn verður lengri en hagkvæmt er.



1. tafla. Starfandi Íslendingar hjá varnarliði og við framkvæmdir þess.

	1953	1954	1955
Janúar	.....	2.362	1.713
Febrúar	.....	2.316	1.701
Marz	.....	2.412	1.762
Apríl	.....	2.295	1.659
Mái	2.701	2.138	1.850
Júní	2.898	2.317	2.139
Júlí	2.916	2.368	2.002
Ágúst	2.961	2.635	2.027
Septembar	3.056	2.531	2.083
Október	3.019	2.382	
Novembar	2.956	2.192	
Desembar	2.751	2.055	

2. tafla. Fjármunamyndun 1952, 1953 og 1954 í milljónum króna.

A. Ný fjármunamyndun:	1952	1953	1954
1. Landbúnaður, íbúðarhúsa- byggingar undanskildar	70,9	108,0	145,8
2. Fiskveiðar og fiskiðnaður	10,0	11,5	23,9
3. Rafvæðing	113,6	122,6	40,0
(þar af Sogs og Laxár)	(102,6)	(92,6)	(-)
4. Iðnaður	29,8	89,8	36,6
(þar af Áburðarverksmiðjan)	(24,0)	(79,9)	(19,6)
5. Samgöngur	59,9	104,4	128,4
6. Íbúðarhús	108,0	129,0	245,0
7. Annað	41,2	47,4	46,3
	433,4	612,7	666,0
B. Viðhald og endurnýjun	204,4	235,7	254,5
Samtals	637,8	848,4	920,5

Hlutfallstölur fyrir nýja fjármunamyndun.

	1952 %	1953 %	1954 %
1. Landbúnaður, íbúðarhúsa- byggingar undanskildar	16,4	17,6	21,9
2. Fiskveiðar og fiskiðnaður	2,3	1,9	3,6
3. Rafvæðing	26,2	20,0	6,0
4. Iðnaður	6,9	14,7	5,5
5. Samgöngur	13,8	17,0	19,3
6. Íbúðarhús	24,9	21,1	36,8
7. Annað	9,5	7,7	7,0
	100,0	100,0	100,0



### Peningamálin

Þróun peningamála hefur verið mjög óhagstæð á þessu ári, og er hun ein helzta orsök þeirrar ofpenslu, sem nú er ríkjandi í efnahagskerfinu.

#### 3. tafla. Úr reikningum bankanna.

Hreyfingar:	Aðstaða gagnvart utlöndum	Seðla- veltan	Velti- innlan	Spari- innlan	Heildar- utlan
jan.- október 1952	- 80.275	+ 21.620	- 11.380	+ 63.096	+ 192.409
" " 1953	- 23.090	+ 40.855	+ 33.959	+ 126.787	+ 304.059
" " 1954	- 8.602	- 1.285	+ 63.231	+ 129.934	+ 258.711
" " 1955	- 160.145	+ 27.005	+ 57.838	+ 68.873	+ 398.517

Þriðja tafla sýnir hreyfingu helztu liða í reikningum bankanna fyrstu tíu mánuði ársins í ár í samanburði við næstu þrjú ár á undan. Tölur þessar tala skýru máli um það astand, sem nú ríkir. Heildarútlán bankanna hafa aukizt gífurlega og aðstaðan gagnvart utlöndum versnað mjög. Á sama tíma hefur aukning spari- innlana ekki verið nema rúmur helmingur á við s.l. ár. Seðla- veltan og veltiinnlanin hafa jafnframt aukizt verulega. Það er augljóst, að á móti utlánaaukningunni hefur fyrst og fremst komið notkun erlendra inneigna og skuldasöfnun erlendis. Ef takast á að draga úr hinni miklu fjárfestingu innan lands og rétta við gjaldeyrisstöðuna, verður að stöðva þessa óheillapróun í utlánum bankanna.

#### 4. tafla. Hreyfingar á reikningum seðlabankans

(+ : útgreiðsla úr seðlabanka, þ.e. hækkun skulda eða lækkun innstæðna).  
 (- : inngreiðsla í seðlabanka, þ.e. lækkun skulda eða hækkun innstæðna)

Í millj. kr.	Janúar - október	
	1954	1955
Breytingar á gjaldeyris eign	- 12,2	- 153,9
Ríkissjóður og ríkisstofnanir nettóskuldir	+ 8,6	- 3,8
Mótvirðisfé . . . . .	- 3,8	- 2,3
Innlendir bankar:		
Endurkeyptir víxlar . . . . .	+ 41,4	+ 151,3
Nettóskuld banka og sparisjóða	- 23,5	+ 58,0
Ýmsir reikningar:		
Föst lán og verðbréf . . . . .	- 7,5	- 4,9
Ýmislegt . . . . .	- 4,3	- 17,4
Reikningshreyfingar samtals	- 1,3	+ 27,0
Breyting á seðlaveltu . . . . .	- 1,3	+ 27,0

Skýrari mynd af þróuninni fæst með því að líta á hreyfingar á reikningum seðlabankans, en þær eru sýndar á 4. töflu. Fyrstu tíu mánuði ársins hefur gjaldeyris eign seðlabankans



lækkað um 154 milljónir. Á sama tíma hafa skyldir viðskiptabankanna við seðlabankann aukizt um 209 milljónir, þar af 151 milljón vegna aukinna endurkaupa afurðavíxla. Er þetta allt önnur og óhagstæðari þróun en á síðasta ári. Viðskipti ríkissjóðs og ríkisstofnana við seðlabankann hafa verið hagstæð á þessu ári, og hafa nettóskuldir lækkað um tæpar 4 milljónir. Seðlayeltan hefur aukizt um 27 milljónir í ár, en lækkaði lítils hattar í fyrra.

Hin mikla útlánaaukning viðskiptabankanna á sér ýmsar orsakir, og verður nú þeirra helztu getið, og er þá miðað við fyrstu þrjá ársfjórðungana í ár. Útlánaaukning til sjávarútvegsins hefur numið 152 millj. kr., þar af eru um  $\frac{2}{3}$  afurðalán, enda hafa birgðir af útflutningsvörum aukizt verulega. Við þetta bætast allmiklar lánveitingar út á gjaldeyrisfríðindi bæði í sambandi við óseldar afurðir og utgefin, en óseld innflutningsréttindi. Nær öll útlánaaukningin til sjávarútvegsins stafar af framangreindum orsökum, en eitthvað af skuldasöfnuninni mun þó eiga röt sína að rekja til aframhaldandi taprekstrar togaraflotans.

Útlánaaukning til landbúnaðar nam rúmum 40 milljónum, en þar af munu 29 milljónir vera aukin rekstrarlán út á landbúnaðarafurðir. Útlán til verzlunar hafa aukizt um 60 millj. kr., en langstærsti liðurinn þar eru lán til oliufélaganna, sem hækkuðu um 33 milljónir, en afgangurinn að mestu lán til samvinnufélaga. Við verzlunarlánin ættu að bætast 13 millj. kr. vegna aukinna ábyrgðaskulda, sem einnig er aðallega hjá oliufélagunum.

Það, sem eftir er af útlánahækkuninni, dreifist á marga liði. Lán til Raforkusjóðs namu 15 millj. kr., en útlánaaukning til bæjar- og sveitarfélaga 7 millj. kr. Til íbúðabygginga hafa verið lánaðar um 13 milljónir, þar á meðal 3-4 milljónir ut á væntanleg íbúðalán veðeildarinnar. Hin mikla fjárfesting, sem nú á sér stað, byggist vafalaust að verulegu leyti á lantökum hjá þönkum, auk eigin tekna og notkunar sparifjár. Mjög lítið af lánnum bankanna hefur þó verið veitt beinlínis til fjárfestingar, en vafalaust hefur mikill hluti þess fjár, sem veitt hefur verið til annarra hluta, þar á meðal ut á afurðir, verið notaður þannig.

Eitt af því, sem aukið hefur eftirspurn eftir lánsfé og valdið vaxandi lánsfjárskorti, eru hinir margvíslegu forréttingavextir, sem í gildi eru hér á landi. Þó að fjárfestingin sé miklu meiri en vinnumarkaðurinn þolir, er hún öryðuð enn að mun með óeðlilega lágum vöxtum ymissa fjárfestingarlánasjóða. Þannig eru vextir Byggingarsjóðs og Byggingarsjóðs verkamanna  $3\frac{1}{2}\%$  og Ræktunarsjóðs og Fiskveiðisjóðs  $4\%$ , enda hefur eftirspurn eftir lánnum úr þessum sjóðum verið gífurleg, sérstaklega á þessu ári. Loks eru forréttingavextir þeirra, sem afurðalánanna njóta og eru nú  $5\%$ . Ná þessi vaxtafríðindi nú einnig til útgerðarlána og lána ut á gjaldeyrisfríðindi. Áhrif svo lágra vaxta eru ekki aðeins þau að auka almennt eftirspurn eftir lánsfé, heldur verða þau til þess, að það borgar sig fyrir eigendur fyrirtækja að draga eigið fé sitt úr rekstrinum og nota bankalán í staðinn. Hin mikla aukning lána til landbúnaðar stafar ekki aðeins af aukinni framleiðslu heldur því, að slíkar lánveitingar hafa orðið almennari en áður. Þegar fyrirkomulagið er það, að lán eru veitt sjálfkrafa með lágum vöxtum, ef fyrir hendi eru tilskilin veð og skilríki, hlytur alltaf að borga sig að taka þau, jafnvel þótt ekki sé annað gert við féð en að leggja það í sparisjóð. Reynslan sannar líka, að þessi lantökuréttindi eru notuð til hins ytrasta, jafnt af festerkum fyrirtækjum sem hinum efna-



minni. Fé það, sem fæst fram yfir eðlilega þörf, geta eigendur fyrirtækjanna síðan notað í fjárfestingu eða rekstur á öðrum sviðum. Reynsla bankanna að undanfögnu sýnir, að þegar saman fer almennur lánsfjárskortur auk vaxtafríðinda samfara sjálfkrafa lánveitingum til mikils hluta efnahagslífsins, er geysilega erfitt að halda lánveitingum í skefjum.

### Ríkisfjármálin

Afkoma ríkissjóðs hefur versnað vegna hækkandi kaupgjalds og aukinna útflutningsstyrkja á þessu ári. Þó er utlit fyrir sæmilega afkomu á því ári, sem nú er að liða, enda þótt ríkissjóður þurfi að taka á sig veruleg viðbótarutgjöld. Líklegast er því, að ríkissjóður hafi engin bein verðþensluáhrif á þessu ári. Hins vegar lána bankarnir allmikið fé á þessu ári til fjárfestingar fyrir atbeina ríkisvaldsins. Lán bankanna til íbúðabygginga vegna hinna nýju laga um það efni munu nema alls 20 millj. kr., en lán til raforkuframkvæmda minnst 24 millj. kr.

Fjárlagafrumvarp það, sem nú liggur fyrir Alþingi, sýnir, að utlitið fyrir næsta ár er mun lakara. Á sjóðsyfirliti er aðeins 2.1 millj. kr. rekstrarafgangur, en þó hafa ekki enn verið felldir inn í frumvarpið mjög háir gjaldaliðir, sem óumflýjanlegir eru. Helztu liðirnir þar eru utgjaldahækkanir vegna launalaga 22 millj. kr., vegna atvinnuleysistrygginga allt að 14 millj. kr., vegna almannatrygginga 8 millj. kr., til mæðiveikivarna 3 millj. kr. og auk þess ýmis utgjöld líklega alls 15-20 millj. kr.

Mikla nauðsyn ber til, að fjárlög verði afgreidd hallalaus að þessu sinni, en til þess þarf mjög auknar tekjur fyrir ríkissjóð.

### Gjaldeyrismálin

Annað meginvandamálið í íslenzku efnahagslífi er hið mikla og vaxandi jafnvægisleysi gagnvart utlöndum. Þenslan innan lands hefur haft í för með sér storaukna eftirspurn eftir gjaldeyri til fjárfestingar og neyzlu, en jafnframt hefur hún haft óhagstæð áhrif á utflutningsframleiðsluna, dregið frá henni vinnuafli og aukið framleiðslukostnaðinn.

Ástandið í gjaldeyrismálinum hefur farið mjög versnandi, eins og eftirfarandi tafla sýnir:

	1952	1953	1954	1955
Gjaldeyrisstaða 31. október	26,3	68,2	88,8	-35,2
Gjaldeyrisskuldbindingar (ábyrgðir og greiðsluloforð)	72,3	118,7	99,8	139,5
Gjaldeyrisstaða að frádregnum skuldbindingum	- 46,0	- 50,5	- 11,0	- 174,7
Breytingar á gjaldeyrisstöðu bankanna janúar - október	- 72,8 <sup>1)</sup>	- 0,7 <sup>2)</sup>	- 22,7	- 159,0
Gjaldeyrissala janúar-október	689,6	840,9	972,6	1.098,1

- 1) Á þessu tímabili komu inn 39,2 millj.kr. í framlögum gegnum E.P.U.  
2) Á þessu tímabili komu inn 69,4 millj.kr. í framlögum gegnum E.P.U.



Gjaldeyrisstaða bankanna við útlönd er nú 124 millj. kr. óhagstæðari en á sama tíma á síðasta ári. Auk þess eru gjaldeyrissskuldbindingar bankanna, en við þær ættu að bætast skuldbindingar vegna batagjaldeyris, en þar er ástandið miklu lakara en í fyrra, eins og frá verður skýrt síðar. Hið alvarlegasta er, að greiðslujöfnuður í gjaldeyrisviðskiptum bankanna, það sem af er þessu ári, hefur verið miklu verri en nokkurt undanfarinna þriggja ára, enda þótt tekið sé tillit til innkominna framlaga í gegnum E.P.U. og annarrar efnahagsaðstoðar árin 1952 og 1953. Munurinn á afkomunni nú og á s.l. ári liggur svo að segja eingöngu í aukinni gjaldeyrisssölu, en taflan sýnir, hvernig hun hefur aukizt jafnt og þétt s.l. fjögur ár. Hins vegar er talið, að birgðir af útflutningsvörum í landinu 1. nóvember hafi verið 100 millj. kr. meiri en um sama leyti í fyrra.

Vaxandi misræmi hefur skapazt að undanförnun milli innlands og erlends verðlags. Koma merki þess fram á flestum sviðum efnahagsstarfseminnar. Útflutningsframleiðslan býr við mikla styrki í innflutningsréttindum, togarastyrkjum og öðrum fríðindum, en vegna hækkandi verðlags á þessu ári er utlit fyrir, að enn verði krafizt meiri aðstoðar henni til handa. Þrátt fyrir þessa styrki hafa íslenzkir utflytjendur á síðustu árum ekki getað staðizt samkeppni á mörgum elztu og tryggustu mörkuðum sínum, en viðskiptin færzt meira og meira inn á vöru-skiptalöndin. Hinna dýrmæti fræðfisksmarkaður, sem unnizt hefur í Bandaríkjunum á undanförnunum árum, virðist nú í mikilli hættu vegna hins háa verðlags á íslenzkum fiskafurðum.

Hið mikla misræmi innlands og erlends verðlags hefur margvíslegar aðrar afleiðingar. Almennt hlytur það að valda aukinni eftirspurn eftir erlendum vörum, sem eru tiltölulega verðlágur, þar sem menn leitast við að nota þær sem mest í stað íslenzkrar vöru og þjónustu. Það hefur einnig leitt til þess, að allmargir utlendingar hafa verið fluttir til landsins til að vinna að framleiðslu- og þjónustustörfum. Mikill og alvarlegur svartur markaður í gjaldeyri hefur vaxið upp, meðal annars í sambandi við Keflavíkurflugvöll, enda er ágóði af allri ólöglegri gjaldeyrisverzlun geysilega mikill, þegar svona er hattað. Hefur það áreiðanlega ekki overuleg áhrif á gjaldeyrisafkomuna, hve miklum gjaldeyri er komið undan á þennan hátt. Þegar við hið almenna misræmi verðlagsins hér og annars staðar bætist batagjaldeyrisálag á fjölda margar vörutegundir, mjög háir tollar og hátt verð á tóbaki og vínföngum, hlytur sá ágóði, sem hægt er að hafa af smygli til landsins bæði um Keflavíkurflugvöll og með íslenzkum skipum, að vera hættulega mikill. Eru líka glögg merki þess, að mjög mikið vörumagn kemst inn í landið á ólöglegan hátt.

Óhjákvæmileg afleiðing þessa ástands er, að almenningur í landinu kemst á þá skoðun, að til gengislækkunar muni draga fyrr eða síðar, en sá hugsunarháttur lamar sparnaðarviljann, en hvetur menn til að ráðast í fjárfestingu, hversu faranleg sem hun er og þótt hun virðist þeim algjörlega ofviða. Þegar þannig er komið, er vonlitið að ná jafnvægi í efnahagsmálum nema vextir af fé séu hækkaðir til muna eða hinna nauðsynlegi sparnaður knúinn fram með sköttum og tollum.



### Útflutningsframleiðslan og styrkir til hennar

Eins og þegar hefur verið um rætt, hefur útflutningsframleiðslan átt við erfiðleika að etja undanfarin ár, sem stafað hafa af vaxandi þenslu á vinnumarkaðinum og síauknu mismæmi innlends og erlends verðlags. Samkvæmt athugun nefndar á síðasta ári var áætlað, að rekstrartap meðaltögará yrði 950 þús. kr. á árinu að meðtalinni fyrningu. Var þá gripið til þess ráðs að veita togurunum beinan rekstrarstyrk, en fjárins var aflað með sérstökum skatti á innflutning bíla. Togarastrýkirnir munu nema um 25 millj. kr. á ári. Bataflotinn hefur síðan 1951 notið góðs af bátagjaldeyrisfriðindunum, en þau færa honum nú orðið árlega 110-120 millj. kr. tekjur. Loks hefur nú verið ákveðið að styrkja útflutning landbúnaðarafurða hlutfallslega með beinum framlögum úr ríkissjóði. Útflutningsstrýkirnir eru því komnir yfir 150 milljónir króna á ári, en víst er, að farið verður fram á allmikla hækkun á þeim vegna hækkaðs framleiðslukostnaðar frá því í fyrra. Í fylgiskj. nr. 7 og 8 eru rækilegar athuganir á rekstrarkostnaði bata og frystihúsa, en þar kemur í ljós, að fiskverð hefur verið mun hærra en nauðsyn krafði á síðustu tveimur árum og innflutningsréttindi þar af leiðandi of há. Engu að síður verður styrkþörf útflutningsframleiðslunnar mjög mikil á næsta ári.

Alvarlega horfir nú um fjáröflun til slíkra styrkveitinga, þar sem telja má, að framkvæmd bátagjaldeyrisfyrirkomulagsins sé að komast í óefni, en gjaldeyrisastandið leyfir auðsjaanlega ekki frekari bílainnflutning á næstunni. Jafnframt má ætla, að bílainnflutningurinn hafi mjög óhagstæð áhrif á sparifjáröfnunina.

Ýmsir gallar hafa komið fram á bátagjaldeyriskerfinu, eins og nánar er rætt á öðrum stað. Hér skal getið nokkurra. Í fyrsta lagi er sú skipan, að innflutningur miður nauðsynlegra vara skuli vera algerlega frjáls gegn greiðslu ákveðins álags, en það getur haft alvarlegar afleiðingar, þegar mikill gjaldreyrisskortur er ríkjandi. Sú kvöð að látá ætið gjaldeyri af höndum fyrir bátagjaldeyrissvörum verður þá til þess að draga verður enn meira en ella úr yfirfærslum til kaupa á öðrum nauðsynlegri vörutegundum. Í öðru lagi er varhugavert að láta útflytjendum í hendur réttinn til að ákveða álagið á innflutningsréttindin, án þess um leið að taka á sig áhættuna af því, ef skírteinin seljast ekki. Kom þetta ljóslega fram, þegar álagið var hækkað fyrir skömmu gegn vilja ríkisstjórnarinnar.

Loks er sá höfuðgalli bátagjaldeyriskerfisins, að á engan hátt er tryggt, að sala innflutningsréttindanna haldist í hendur við framleiðslu og útflutning bataafurða. Hefur prouin verið sú, einkum á þessu ári, að framleiðsla þeirra afurða, sem innflutningsréttindi fylgja, hefur aukizt jafnt og þétt, en sala innflutningsréttinda ekki að sama skapi, og fyrstu þrjá ársfjórðungana í ár hefur hun jafnvel orðið minni en á síðasta ári, eins og eftirfarandi tölur um yfirfærslur ut á B-skírteini sýna:



	1952	1953	1954	1955
janúar - marz	19,2	26,5	31,2	28,3
apríl - júní	20,3	34,4	38,6	32,4
júlí - september	21,1	35,5	34,6	35,7
október - desember	34,5	45,4	43,8	
	<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	95,1	141,8	148,2	

Í októberlok var þannig ástætt í þessum málum, að rétt aðeins var byrjað að selja B-skírteini vegna framleiðslu ársins í ár. Eru því útflutningsréttindi vegna því nær allrar þeirrar framleiðslu, sem þegar hefur verið seld, enn útistandandi, auk réttinda vegna afurða, sem enn hafa ekki komið til útflutnings. Þegar innflutningsréttindi hlaðast upp á þennan hátt, þýðir það í raun og veru, að styrkur til bátaflotans er greiddur með ávísunum á framtíðina. Ekki er hægt að ætla með neinni nákvæmni, hve mikil skuldbinding þjóðfélagsins við bátautvegsmenn muni vera af þessum sökum um áramótin, en gera má ráð fyrir, að þá verði óseld eða ótgef- in réttindi að upphæð um það bil 160 millj. kr., en það þýðir hátt upp í 100 millj. kr. skuldbinding miðað við það álag, sem gilt hefur til skamms tíma. ||?



ERU INNFLUTNINGSHÖFT OG VERÐLAGSEFTIRLIT  
LÍKLEG TIL LAUSNAR Á VANDAMÁLUNUM?

Eins og þegar hefur verið gerð grein fyrir í inngangi, er meginvandamal efnahagslífs þjóðarinnar verðpenslupróun su, er nu á sér stað og fara mun vaxandi, ef ekkert verður að gert. Af henni leiðir vaxandi misræmi milli innlands og erlends verðlags að óbreyttri gengisskráningu, en það hefur aftur í för með sér versnandi afkomu útflutningsframleiðslunnar og vaxandi halla í greiðsluviðskiptum við utlönd.

Til lagfæringar misræmi því, sem þegar er orðið milli verðlags og framleiðslukostnaðar innan lands og verðs þess, er fæst fyrir útflutningsafurðirnar á erlendum markaði, koma tvær leiðir til greina.

Önnur leiðin er niðurfærslu- eða verðhjöðnunarleiðin, sem myndi í því fólgin, að verðlag og kaupgjald innan lands væri lækkað, þar til útflutningsframleiðslan gæti borið sig án styrkja. Gerð er nánari grein fyrir því á öðrum stað í alitinu, hvernig þetta mætti framkvæma. Þar sem lækka yrði kaupgjaldið talsvert meira að tiltölu en verðlagið, má ætla, að su leið myndi leiða til mikilla árekstra við launþegasamtökin, er háfa myndu margvísleg vandræði í för með sér, og þarf su hlið malsins ekki nánari skýringa með.

Hin leiðin væri sú að lækka gengi íslensku krónunnar og samræma á þann hátt innlent og erlent verðlag. Þar sem við teljum slíka ráðstöfun af ýmsum ástæðum ekki tímabæra, höfum við ekki gert á því athuganir, hve mikil gengislækkunin þyrfti að vera, ef su leið væri valin, né áhrifum hennar á verðlagið og aðra þætti efnahagsmálanna. Telja má þó víst, að ef koma ætti á jafnvægi með því móti, þyrfti hækkun á verði erlends gjaldeyris að vera allmikil. Vegna örðugleika á því að fara hvora þessa leið sem væri í þeim mæli, að með því næðist jafnvægi í efnahagsmálunum, höfum við lagt til, að ráðstafanir þær, er að svo stöddu yrðu gerðar til þess að hamla gegn áframhaldandi verðbólgu, yrðu fyrst og fremst fólgnar í hækkun vaxta og öðrum aðgerðum í peningamálum til þess að draga úr fjárfestingu, jafnframt því að sérstakir tollar seu lagðir á mikinn hluta innflutningsins og því fé varið útgerðinni til styrktar, svo sem nánari grein er gerð fyrir annars staðar í alitinu.

En þar sem sú skoðun virðist eiga töluverðu fylgi að fagna, að hægt sé að leysa efnahagsvandamálin nú með því að taka upp haftabúskap svipaðan þeim, sem hér var rekinn á arunum fyrir seinni heimsstyrjöldina og árin 1947-1950, skal slík leið gerð hér nokkuð að umtalsefni.

Til þess að koma á jafnvægi í greiðsluviðskiptum við utlönd myndi þá vera beitt innflutningshöftum, en verðlags- eftirliti til þess að halda verðlaginu í skefjum.

Um kosti og galla innflutningshafta skal hér ekki rætt almennt, en ástæða er til þess að ræða það nokkuð, hvort su leið að beita innflutningshöftum myndi líkleg til þess að ná tilgangi sínum miðað við núverandi aðstæður í íslensku efnahagslífi.



Framkvæmd innflutningshaftanna yrði sem jafnan á þann veg, að takmarkaður yrði eða bannaður innflutningur á svo- kölluðum "óþarfa" varningi. Mikil vandamál hlytu að rísa í sambandi við úrskurð um það, hvaða vörur seu "óþarfar", því að á það er síður en svo til einhlítur mælikvarði, svo og í sambandi við reglur um skiptingu innflutningsins milli þeirra aðila, er hann hafa með höndum, en þau vandamál skulu ekki rædd nánar hér.

Aðalatriðið í þessu sambandi er það, hvort hægt er með slíkum ráðstöfunum að jafna halla í greiðsluviðskiptum við út- lönd. Að okkar áliti ber að svara þeirri spurningu neitandi, þar sem innflutningshöftin geta ekki ráðið bot á grundvallar- orsök ójafnvægis þess, er greiðsluhallanum veldur, þ.e. verð- þenslunni innan lands, er veldur of mikilli gjaldeyris- eftirspurn miðað við framboð gjaldeyris. Það er að vísu hægt með innflutningshöftum að hindra menn í því að kaupa gjaldeyri til innflutnings á tilteknum vörutegundum, en gera má ráð fyrir því, að sú ófullnægða eftirspurn, sem þannig myndast, muni beinast gegn öðrum vörum, annað hvort erlendum vörum, sem inn- flutningur á er síður takmarkaður, eða innlendum vörum. Ef hið fyrra á sér stað, er augljóst, að hagstæð áhrif á viðskiptajöfnuðinn verða engin, en það sama á raunar við, er frá liður, einnig í síðara dæminu, því að þá verður að auka þá framleiðslu, sem um er að ræða, en það hefur annað af- tvennu í för með sér, að dregin verða framleiðsluöfl frá út- flutningsatvinnuvegunum, þannig að útflutningurinn minnkar, eða minnka verður framleiðsluna fyrir innlendan markað á öðrum sviðum, en það myndi um leið auka innflutningsþörfina fyrir slíkar vörur. Þessi röksemdafærsla er auðvitað byggð á því, að ekki sé um atvinnuleysi eða ónotuð framleiðsluöfl að ræða, en þannig er einmitt ástatt nú. Það má vekja athygli á því, að skilyrði eru nú óhagstæðari fyrir því, að hægt sé að lagfæra greiðslujöfnuðinn með innflutningshöftum en var fyrir stríð, því að þá var jafnan tilfinnanlegt atvinnuleysi, þannig að hægt var að mæta hinni ófullnægðu eftirspurn vegna innflutningshaftanna á þann veg að taka ónotuð innlend fram- leiðsluöfl í notkun og framleiða eftir föngum þær vörur, er áður voru fluttar inn. Að vísu myndu innflutningshöftin nú sem fyrr skapa tilhneigingu til þess, að framleiðsla "óþarfa" varnings þess, sem bannaður yrði innflutningur á, flyttist inn í landið, en þar sem atvinna er nú næg, yrði það samkvæmt áður sögðu annað hvort á kostnað útflutningsframleiðslunnar eða annarrar framleiðslu fyrir innlendan markað, og í báðum tilfellum myndu hagstæð áhrif innflutningshaftanna á greiðslu- jöfnuðinn verða að engu.

Það er og augljóst, að vandamál útflutningsverzlunar- innar verða ekki leyst með innflutningshöftum nema síður sé. Þar sem um vöruskiptasamninga er að ræða, má t.d. gera ráð fyrir því, að af takmörkun innflutnings muni leiða öruggleika á sölu útflutningsafurða. Gera yrði því eftir sem áður sér- stakar ráðstafanir til þess að bæta afkomu útvegsins og enn fremur til þess að afla ríkissjóði aukinna tekna, en tak- mörkun á innflutningi myndi auðvitað gera það nauðsynlegt, að ríkissjóði yrði bætt það tolltekjutap, er hun hefur í för með sér, auk þeirrar auknu fjáröflunar ríkissjóði til handa, sem af öðrum ástæðum er óhjákvæmileg.

Innflutningshöftin myndu og nú sem ávallt skapa hag- stæðan jarðveg fyrir margvíslegri spákaupmennsku og braski, svo sem smygli bannvarnings o.fl., sem erfitt yrði að koma í



veg fyrir, jafnvel með dýru og viðamiklu eftirliti. Það er skoðun okkar, að þessi leið sé ekki fær til lausnar. Spurningin um það, hvort beita skuli verðlagseftirliti, verður avallt nátengd þeirri spurningu, hvort grípa skuli til innflutningshafta. Tilgangur verðlagseftirlits hefur að jafnaði verið sá að koma í veg fyrir það, að takmörkun innflutnings skapi oðlilega gróðamöguleika hjá innflytjendum og öðrum, sem vörudreifingu annast. Ef innflutningur er raunverulega frjáls, er hins vegar erfitt að sjá, hvaða skynsamleg astæða er til þess að taka upp verðlagseftirlit.

Annað mál er svo það, hvort verðlagseftirlit getur náð þeim tilgangi að halda verðbólguþróun í skefjum. Grundvallarorsök verðbólgu er sú, að heildareftirspurn eftir vörum og þjónustu er meiri en heildarframboð, þegar miðað er við ríkjandi verðlag. Verður þá tilhneiging til þess, að verðhækkanir brúí bil það, sem hér er um að ræða. Af slíkum verðhækkunum leiða svo gjarnan kauphækkanir, sem valda nýjum verðhækkunum og svo koll af kolli.

Augljóst er, að með verðlagseftirliti er ekki hægt að ráða bót á því ójafnvægi, sem hér er um að ræða. Slíkt verður aðeins gert annað hvort með því að minnka eftirspurnina eða auka framboðið. Með verðlagseftirliti er að vissu hægt að lækka verðlag á einstökum vörutegundum, og getur sú ráðstöfun átt rétt á sér, þar sem séraðstaða skapar sérstaka gróðamöguleika, ef ekki eru tók á því að skapa skilyrði fyrir samkeppni. En að óbreyttri heildareftirspurn hækkar þá verðlag á öðrum vörutegundum og þjónustu, sem verðlagseftirlitið ekki nær til. En kunnugt er af fenginni reynslu undanfarinna ára hér á landi, að verðlags- eftirlit er ekki framkvæmanlegt hvað ymsar tegundir vöruframleiðslu og þjónustu snertir. Má þar nefna sem dæmi húsaleigu, innlendað handiðnað o.fl. Gera má því ráð fyrir því, að verðlag á slíkum vörum og þjónustu hækki meira vegna verðlags- eftirlitsins en ella myndi verða, þannig að auknir gróðamöguleikar skapast þar. Þó að hinu almenna verðlagi verði þannig ekki haldið í skefjum með verðlagseftirliti, er hins vegar hugsanlegt, að hægt sé á þann hátt að halda v í s i t ö l u n n i í skefjum, og að því leyti, sem kaupgjald er bundið vísitölu, er þannig óbeint hægt að hamlá gegn verðbólgu. Slíkum árangri yrði þá náð með því að láta vísitöluna ekki syna rétta mynd af verðlagsþróuninni, en mjög hlytur það auðvitað að verða umdeilt, hvort slíkar "dýrtíðarraðstafanir" séu stjórnavöldunum sæmandi.

Þar sem verðlagseftirlitinu er einkum beint að innfluttum vörum, myndi það hafa þau áhrif, að eftirspurn eftir þeim ykist, þannig að gjaldeyrisvandráðin myndu aukast. Má eigi missa sjónar á þessu atriði, þegar um verðlagseftirlit er rætt.

Eigi verður því séð, að innflutningshöft og verðlags- eftirlit leysi þau vandamál, sem þeim er ætlað að leysa. Framkvæmd þeirra myndi hins vegar skapa ymis ný vandamál, sem erfíð yrðu úrlausnar. Þessar ráðstafanir koma því að okkar aliti ekki til greina til úrlausnar vandamála efnaahagslífsins. |||



G R E I N A R G E R Ð

FYRIR TILLÖGUM

Í næsta kafla verður gerð nákvæm grein fyrir þeim tillögum, sem nefndin leggur fram til lausnar aðsteðjandi vandamála, en áður en að þeim verður komið, þykir rétt að gefa almennt yfirlit um efni þeirra og tilgang.

Meginmarkmið þeirra eru tvö: Annars vegar að draga úr openslu, sem nú er í hagkerfinu, og þeim gjaldeyrisskortum og öðrum meinum, sem henni eru samfara, og hins vegar að tryggja útflutningsframleiðslunni viðunandi afkomu á næsta ári. Þessi tvö vandamál, openslan og vaxandi erfiðleikar útflutningsatvinnuveganna, eru nátengd, og þess vegna er nauðsynlegt, að leitast se við að leysa ur þeim báðum samtímis.

Fyrst verða raktar þær aðgerðir, sem miða að því að draga úr eftirspurn á innanlandsmarkaði og hinni óhoflegu fjárfestingu. Í þessum tilgangi er lagt til, að gerðar verði allviðtækar ráðstafanir í peningamalum með það fyrir augum að draga úr útlánum bankanna, sem verið hafa einn meginþáttur penslunnar. Lagt er til, að vextir verði almennt hækkaðir um 1-3% og um leið afnumin hin margvíslegu forréttindavaxtakjör, sem nú gilda og ýtt hafa stórlega undir útlánaaukningu og fjárfestingu. Enn fremur verði innborganir á bundna reikninga í seðlabankanum teknar upp í sambandi við innflutning fjölmargra vörutegunda bæði til þess að draga úr peningaperslu og innflutningi.

Í tillögunum er bent á leiðir til þess að tryggja hallalausan rekstur ríkissjóðs á næsta ári. Ekki hefur þótt fært að leggja til, að tekjur ríkisins skuli auknar svo mikið, að hægt verði að gera ráð fyrir verulegum tekjuafgangi, þar eð leggja verður þungar byrðar á almenning vegna aðstoðar við útflutningsframleiðsluna. Hins vegar er lagt til, að endurskoðaðar verði allar þær fjárfestingaráætlanir, sem ríkisvaldið hefur bein eða óbein áhrif á, í þeim tilgangi að draga sem mest úr framkvæmdum á næsta ári. Þurfa aðgerðir ríkisins og bankanna að vera samstilltar í því skyni að draga úr fjárfestingu á öllum sviðum.

Til þess að afla fjár til styrktar útflutningsframleiðslunnar á næsta ári, er lagt til, að 30% innflutningsgjald verði lagt á fjölmargar vörur, sem nú eru ekki á skilorðsbundnum frílista. Gjald þetta mundi meðal annars verða lagt á flest allar fjárfestingarvörur, svo og margar neyzluyörur aðrar en brynustu nauðsynjar. Jafnframt því að vera fjáröflunarleið í þessum sérstaka tilgangi, mundi innflutningsgjaldið hafa veruleg áhrif í þá átt að draga úr þenslunni innan lands. Það mundi hækka kostnað við alla fjárfestingu og draga úr eftirspurn eftir vinnuafli til byggingarframkvæmda. Einnig mundi það draga úr eftirspurn eftir innflutningi án þess að valda teljandi hækkunum á framfærslukostnaði.

Tillögur nefndarinnar hafa í för með sér nokkra hækkun á vísitölu framfærslukostnaðar, og er áætlað, að þær hækkanir mundu nema alls um 2 vísitölustigum. Jafnframt má enn buast við 1-2 vísitöluhækkunum á næstu mánuðum vegna orðinna kauphækkana o.fl. Til þess að koma í veg fyrir áframhaldandi verðbóluskruful af þessum sökum, er lagt til, að kaupgjaldsvísitalan verði bundin í 171 stigi allt árið 1956, sja greinargerð í fylgiskjali nr. 5. Það er að lokum lagt til, að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því, að eftirvinnugreiðslur



verði afnumdar hjá varnarliðinu og einnig sé reynt að draga úr eftirvinnu hjá opinberum aðilum í því skyni að draga úr þeirri spennu á vinnumarkaðinum, sem óeðlilega háar kaupgreiðslur hafa í för með sér. Er þetta sérstaklega mikilvægt fyrir útflutningsatvinnuvegina, sem þjóða þurfa sjómönnum betri kjör en verkamenn hafa í landi vegna þess erfiðis og áhættu, sem sjómennskunni fylgir.

Í verðlagsmálum leggur nefndin einnig til, að gerðar séu ráðstafanir til að rannsaka og koma í veg fyrir séraðstöðugróða, sem mjög er hætt við her á landi vegna þess, hve innanlandsmarkaðurinn er lítill og innlend framleiðsla nýtur mikillar verndar í háum tollum og innflutningshömlum.

Nefndin hefur rannsakað afkomuhorfur sjávarútvegsins með það fyrir augum að ganga úr skugga um, hvort fiskverðið þurfi að vera á næsta ári. Niðurstaðan hefur orðið sú, að ekki sé ástæða til að auka styrki til utgerðarinnar frá því, sem verið hefur, en ymsar formbreytingar eru taldar æskilegar. Þetta sýnir, að bátagjaldeyrisfríðindin hafa verið óþarflega rífleg að undanfögnu, og er sú hlið málsins rækilega rædd í fylgiskjali nr. 8. En þrátt fyrir þessa niðurstöðu um verðlag afurðanna, ættu tillögur nefndarinnar í heild að hafa í för með sér verulega bót á afkomu útvegsins frá því, sem nú er.

Í fyrsta lagi hljóta allar ráðstafanir, sem draga úr penslunni á innanlandsmarkaði, að auka framboð á vinnuafli, minnka eftirvinnu og hafa í för með sér lækkun utgerðarkostnaðar og hagkvæmari rekstur á ýmsan hátt.

Hitt skiptir ekki minna máli, að lagt er til, að fjáröflun til styrktar útflutningsframleiðslunni verði stórkostlega aukin á næsta ári. Verður fenu varið annars vegar til þess að kaupa sem örást upp útistandandi gjaldeyrisfríðindi batautvegsins og hins vegar til að styrkja útflutningsframleiðslu næsta árs með uppbótum, sem greiddar verða um leið og gjaldeyris-skil fara fram. Afleiðing þessa verður sú, að greitt verður til útflytjenda á næsta ári nærri því helmingi meira fé í uppbótum en þeir hafa fengið í sinn hlut á þessu ári. Hin ógreiddu innflutningsréttindi eru orðin mikill baggi á útflytjendum, og er það því stórkostleg kjarabot, að sú skuld verði gerð upp mun fyrr en ella, en uppbætur á næsta árs framleiðslu greiddar um leið og varan er seld.

Nefndin hefur komið að þeirri niðurstöðu, að heppilegast væri að afnema bátagjaldeyriskerfið frá byrjun næsta árs. Hafa miklir gallar komið í ljós á framkvæmd þess, eins og ljóst er af því, sem um það hefur verið sagt í inngangi. Sérstaklega er það hættulegt, að fyrir safnist gifurlegar skuldir þjóðfélagsins við útflytjendur vegna oseldra réttinda.

Að lokum skal áherzla á það lögð, að nefndin lítur á ráðstafanir þær, sem hun leggur til, sem bráðabirgðarástafanir, sem aðeins er gert ráð fyrir að standi í eitt ár. Sé rétt á haldið, ætti mikið að geta áunnist á þessum tíma. Í fyrsta lagi ætti að takast að vinna þug á þeirri ofpenslu, sem nú er í hagkerfinu, en það mundi síðan hafa í för með sér aukið jafnvægi í gjaldeyrisáttum. Jafnframt mundi heilbrigðara ástand á vinnumarkaðinum bæta afkomu útflutningsframleiðslunnar.

Jafnvel þótt allt gangi að óskum, er engin von til



þess, að þessar tillögur leysi nema nokkurn hluta þess vanda, sem íslensk efnahagsmál eru nú í komin. Hið mikla jafnvægisleysi gagnvart utlöndum, sem stafar af of háu verðlagi innan lands, verður ekki leyst nema með enn röt-  
tækari ráðstöfunum: gengislækkun eða niðurfærslu alls verðlags í landinu.

Nefndin er þó sammála um það, að samræming erlends og innlends verðlags án styrkja með gengislækkun eða niðurfærslu sé ekki tímabært mál. Hins vegar telur hún, að þær ráðstafanir, sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan, séu aðkallandi nú, hvor höfuðleiðin, sem farin verður síðar, til þess að koma í veg fyrir, að þá sigli í kjölfarið ný röskun í verðlagsmálum.

(Benjamín Eiríksson er sammála tillögunum svo langt sem þær na, en telur, að þær gangi ekki nogu langt í kaup-  
gjaldsmálunum. Fjáröflunin til þess að greiða með út-  
flutningsstyrkina og greiða um leið upp hala innflutnings-  
skírteinanna gengur eins langt og framast er kleift. En  
hætta er á, að þegar fram í sækir, reynist féð ónógt,  
nema kaupgjaldið lækki. Gerir hann grein fyrir skoðunum  
sínunum og sérstökum tillögum í kafla, sem heitir Athugasemdir  
um efnahagsmál.)



T I L L Ö G U R

I. Almennar aðgerðir til  
að draga úr eftirspurn

Útlánaaukning bankanna hefur verið einn meginþáttur penslunnar síðustu árin. Er því nauðsynlegt að gera ráðstafanir í peningamálum til þess að stöðva utlánaaukninguna og stuðla þannig að hóflegri fjárfestingu og minni gjald-eyrisnotkun. Þessar aðgerðir verða að vera mun strangari vegna þess að lítil von er til, að kleift verði að draga saman kaupmátt með greiðsluafgangi hjá ríkissjóði. Nefndin ber fram eftirfarandi tillögur til að draga úr eftirspurn og fjárfestingu:

- 1) Almenn vaxtahækkun um 1-3%. Jafnframt yrðu afnumin öll forréttindavaxtakjör og vextir opinberra fjárfestingarsjóða hækkaðir að sama skapi. Hækkun innlánsvaxta yrði eingöngu lätin ná til fjár, sem bundið er til einhvers tíma. Vextir verði sem hér segir:
  - a) Almennir forvextir 8%. Framlengingargjald eftir tvo mánuði sé 1% p.a. nema af afurðavíxlum, sem séu undanþegnir framlengingargjaldi.
  - b) Venjulegir hlaupareikningsvextir 10%.
  - c) Vextir af afborgunarlánum til langs tíma 9%, enda verði lánsamningar með breytilegum vöxtum.
  - d) Almennir sparisjóðsvextir 5 1/2 % og vextir af sex mánaða fé 7 %.
  - e) Útlánsvextir opinberra fjárfestingarsjóða hækki um 1%, en séu þó aldrei lægri en almennir sparisjóðsvextir, þ.e. 5 1/2 %.
- 2) Tekið sé upp nýtt fyrirkomulag á innborgunum á ábyrgðir, greiðsluheimildir og yfirfærslur. Reglurnar séu sem hér segir:
  - a) Í sambandi við kaup á ákveðnum vöruflokkum frá útlöndum verði innflytjanda skylt að greiða ákveðna upphæð, sem viðskiptabankinn greiði síðan inn á bundinn reikning í seðlabankanum. Þessi innborgun skal eiga sér stað, þegar ábyrgð er opnuð, greiðsluheimild veitt eða þegar greiðsla fer fram, ef um aðrar aðferðir er að ræða. Þessar innborganir skulu nema 50% af fob.-verði vörunnar, og skal féð liggja bundið í seðlabankanum í fjóra mánuði. Allar neyðsluvörur aðrar en brynustu nauðsynjar ættu að vera háðar þessum innborgunum, svo og síður nauðsynlegar fjárfestingarvörur og efnavörur. Nefndinni hefur ekki unnið tími til að gera sundurliðaðan lista yfir þessar vörutegundir.
  - b) Bankarnir krefjast nú innborgana bæði á ábyrgðir og greiðsluheimildir, sem eru frá 10% upp í 100%, þegar um kaup frá vöruskiptalöndunum er að ræða, en



25-100% vegna kaupa í frjálsum gjaldeyri, og ná þær til allra vörutegunda nema olíu og benzíns. Lagt er til, að þessar greiðslur haldist óbreyttar að öðru leyti en því, að frá þeim séu dregnar innborganir í seðlabankann samkvæmt a-lið.

- 3) Seðlabankinn setji ákveðnar reglur um lánveitingar til viðskiptabankanna í því skyni að draga úr lánnum til þeirra.
- 4) Reynt verði eftir föngum að draga úr fjárfestingu í landinu. Í þessu skyni forðist bankarnir að auka lán til þeirra, sem hætta er á að leggja muni féð í fjárfestingu. Einnig leitist ríkissjóður við að draga úr hvers konar opinberum framkvæmdum á næsta ári.
- 5) Sem mestu af greiðsluafgangi ríkissjóðs í ár verði lagt til hliðar.

## II. Ráðstafanir til að bæta hag ríkissjóðs.

Fjárlagafrumvarp það, sem nú liggur fyrir Alþingi, er ekki með neinum teljandi greiðsluafgangi. Hins vegar er óumflýjanlegt, að útgjöldin verði mun meiri en þar hefur verið gert ráð fyrir, og verða nú taldar upp helztu hækkunir, sem vítað er um. Í fyrsta lagi hafa nýju launalögin í för með sér 22 millj. kr. hækkun útgjalda á næsta ári. Í öðru lagi er gert ráð fyrir, að fyrirhuguð lög um atvinnuleysistryggingar muni kosta ríkissjóð 14 millj. kr. árið 1956. Þó er ekki óhugsandi, að sú áætlun lækki eitthvað. Útgjöld vegna nýrra laga um almannatryggingar eru talin verða um 8 millj. kr., og til meðiveikivarna er búizt við að nota þurfi 3 millj. kr. Loks er búizt við ymsum útgjaldahækkunum vegna vegamála o.fl., er nemi jafnvel 15-20 milljónum. Hér verður reiknað með því, að reynt verði eftir föngum að komast hjá þessari síðasttöldu útgjaldaaukningu, og er í því, sem á eftir fer, gert ráð fyrir, að hún verði alls ekki meiri en 8 millj. kr. Útgjaldaaukningin í heild yrði þá 55 millj. kr.

Það væri mjög æskilegt, að hægt hefði verið að ná verulegum greiðsluafgangi hjá ríkissjóði á næsta ári í því skyni að draga úr heildareftirspurn í þjóðfélaginu. Það virðist þó ekki hugsanlegt að auka tekjur ríkissjóðs svo mikið, að það verði kleift, enda er gífurlegrar fjáröflunar þörf vegna aðstoðar við útflutningsframleiðsluna, eins og síðar getur. Lagt er til, að eftirfarandi ráðstafanir verði gerðar til þess að koma á greiðsluafgangi hjá ríkissjóði, en alls hafa þær í för með sér bættu stöðu um 55 millj. kr.:

- 1) Kaffi- og sykurtollar verði lagðir á að nýju, ásamt almennu álagi, en með því mundu aflast 13,8 millj. kr. Tilsvaramandi verðhækkunir mundu hækka vísitöluna um 1,6 stig, sjá fylgiskjal nr. 3.
- 2) Vörumagnstollur af benzíni verði hækkaður um 40 auru per kg., en með því mundu aflast um 15,2 millj. kr., sjá greinargerð í fylgiskjali nr. 4.
- 3) Bifreiðaskattur verði hækkaður um 150% og lagður á sendiferðabifreiðir og jappa auk þeirra bifreiða, sem nú eru skattskyldar. Sjá fylgiskjal nr. 4.



- 4) Innflutningssgjald af hjólbörðum og gúmmíslöngum hækki um 100%, sjá fylgiskjal nr. 4. Fjáröflun samkvæmt þessum og síðasta lið er áætluð 11,3 millj. kr.
- 5) Sömu tollar verði lagðir á sendiferðabíla og venjulegar fólksbílfreiðir.
- 6) Lagt verði 15% gjald á brúttósöluverð miða í öllum happdrættum öðrum en Happdrætti Háskólans, S.Í.B.S. og D.A.S. Lagðar verði fram tryggingar fyrir gjaldinu, áður en happdrættisleyfið er veitt. Fjáröflun á ári er lauslega áætluð um 1 millj. kr.
- 7) Öll gjöld fyrir þjónustu ríkisstofnana, t.d. póstur og sími, útvarp og ríkisskip o.fl., verði hækkuð til samræmis við aukinn kostnað vegna launahækkana. Ekki hefur unnizt tími til að áætla þennan lið, en gert er ráð fyrir, að tekjurnar verði ekki undir 5 millj. kr.
- 8) Dregið verði úr útgjöldum ríkisins um 10 millj. kr. með því að lækka útgjöld til fjárfestingar og framkvæmda og afnema framlög til atvinnubóta.

### III. Ráðstafanir í kaupgjaldsmálum.

Það skiptir miklu máli um framkvæmd framangreindra ráðstafana, að hægt verði að halda verðlaginu í landinu í skefjum á næsta ári. Áætlað er, að framfærsluvísitalan hækki um 4 stig til 1. febrúar n.k., sjá fylgiskjal nr. 1, vegna fyrirsjáanlegra verðhækkana og enduralagningar kaffi- og sykurtolla. Síðan má buast við smávægilegum vísitöluhækkunum vegna innflutningssgjaldsins, sem nefndin leggur til, að lagt verði á, sjá síðar. Þarf að koma í veg fyrir, að af þessu leiði nýjar kauphækkunar vegna vísitöluskrufunnar, sjá greinargerð í fylgiskjali nr. 5. Jafnframt er nauðsynlegt að koma í veg fyrir, að óhoflegar kaupgreiðslur í sumum atvinnugreinum geri útflutningsframleiðslunni erfitt fyrir. Í þessu skyni er eftirfarandi lagt til:

- 1) Ráðstafanir verði gerðar til, að binda kaupgjaldsvísitöluna í 171 stigi allt næsta ár.
- 2) Tekið verði tillit til þessarar vísitöluskerðingar við útreikning landbúnaðarvísitölu á næsta hausti.
- 3) Gerðar séu ráðstafanir til þess, að hætt verði að greiða yfirvinnu hjá varnarliðinu og verktökum þess. Einnig beiti ríkisstjórnin sér fyrir því, að reynt verði að komast hjá yfirvinnugreiðslum hjá ríkinu, ríkisstofnunum og öðrum opinberum aðilum.

### IV. Eftirlit með starfsemi aðila, sem njóta seraðstöðu

Sett sé löggjöf um skipun nefndar, er geri á því athugun, hvort fyrirtæki eða einstaklingar, er stunda verzlun, iðnrekstur eða aðra atvinnustarfsemi, hafi aðstöðu



til þess vegna skorts á samkeppni í atvinnugreininni að verðleggja vöru þá eða þjónustu, er þau láta í té, óeðlilega hátt. Skal nefndinni veitt til þess heimild í lögum að afla sérhverra þeirra upplýsinga, er máli skipta í því sambandi.

Nefndin rannsaki ekki eingöngu, hvort óeðlilegur gróði eigi sér stað í umræddum starfsgreinum, heldur og hvort séraðstöðugróðinn kemur fram í óeðlilega háum tilkostnaði, svo sem launagreiðslum o.fl.

Skal nefndin gera um það rökstuddar tillögur, hvaða leiðir komi til greina til þess að lækka verðlag á vöru þeirri og þjónustu, er að domi nefndarinnar er óeðlilega hátt vegna séraðstöðu. Að því bunu sé sett löggjöf um framkvæmd tillagna nefndarinnar.

#### V. Tekjuöflun til styrktar útflutningsframleiðslunni

Afla þarf mikilla tekna á næsta ári til þess að styrkja útflutningsframleiðsluna, en jafnframt telur nefndin nauðsyn þera til að kaupa upp hin miklu innflutningsréttindi, sem útistandandi verða um næstu áramót vegna framleiðslu ársins í ár og í fyrra. Lagt er til, að fjár verði aflað með innflutningsgjaldi, sem lagt verði í sérstakan útflutningsstyrktarsjóð, sem verði undir opinberri stjórn og varðveittur í seðlabankanum, en fé úr honum yrði varið til styrkveitinga á þann hátt, sem á eftir greinir:

- 1) Nefndin er á þeirri skoðun að afnema þeri innflutningsréttindi bátautvegsins frá áramótum. Í stað þeirra verði greiddur sérstakur útflutningsstyrkur á afurðir bátaflotans aðrar en síld og lýsi, sem hér segir:
  - a) Upphæð styrksins skal vera mismunandi eftir verkunaraðferðum og skal ákveðast þannig, að 45 aurar verði greiddir á hvert kg. af fiski, slægðum með haus, sem farið hefur til framleiðslu á hverri tegund útflutningsafurða.
  - b) Styrkur á einingu hvernar tegundar útflutningsafurða skal ákveðinn á þennan hátt fyrirfram fyrir allt árið 1956.
  - c) Greiða skal 40 aura styrk á sama hátt á hvert kg. af hrognum, sem fara til útflutnings.
  - d) Styrkurinn skal greiddur útflytjendum um leið og gjaldeyrisandvirði afurða er skilað til bankanna.

Þennan styrk telur nefndin nógu háan til þess, að vinnslustöðvar geti greitt útvegsmönnum að minnsta kosti kr. 1,22 pr. kg. af þorski, slægðum með haus, á næsta ári, en við það verð hefur víðast verið miðað við uppgjör á vertíðarhlut sjómanna.

Nefndin hefur gert athuganir á afkomu vélbáta, sjá fylgiskjal nr. 6, og komið þar að þeirri niðurstöðu, að bátaflotinn ætti að geta borið sig við fiskverðið kr. 1,22 pr. kg. Einnig hefur nefndin rannsakað afkomu frystihúsa, sjá fylgiskjal nr. 8.



Alls mundu útgjöld samkvæmt þessum lið verða um 85-90 millj. kr., miðað við 190 þús. tonna afla.

- 2) Nefndin hefur ekki að svo stöddu gert sérstaka athugun á afkomu togarafloðans, en gerir ráð fyrir, að styrk til hans verði haldið áfram í sama formi og verið hefur. Telur hún ekki fjarri lagi að áætla, að 20 millj. kr. verði varið ur útflutningsstyrktarsjóði á næsta ári til togaranna í viðbót við það fé, sem þegar er fengið í togarasjóðinn. Má þá hækka styrkinn eitthvað, ef nauðsyn krefur.
- 3) Fé úr útflutningsstyrktarsjóði sé einnig varið til upp-bóta á útfluttar landbúnaðarafirðir 1956, sem ríkisstjórnin hefur ákveðið og hún áttlar að muni nema 15 millj. kr. | 1955  
| skvæmt  
| miðað 1956.
- 4) Reynt verði að kaupa upp eins ört og unnt er þau innflutningsréttindi, sem utistandandi verða um áramót, en þau eru áætluð um 100 millj. kr. Fyrirkomulagið yrði það, að haldið yrði áfram útgáfu A-skírteina vegna framleiðslu ársins í ár og fyrri ára, en hins vegar verði hætt útgáfu og sölu B-skírteina frá áramótum. Öll skírteini, sem oseld verða um áramót eða gefin verða út eftir þann tíma, verði smám saman keypt upp af útflutningsstyrktarsjóði með því álagi, sem verið hefur til skamms tíma, það er að segja 60% og 25%.

Samkvæmt ofangreindum áætlunum myndi þurfa að afla 220 millj. kr. í útflutningsstyrktarsjóð á árinu 1956. Lagt er til, að þess fjár verði aflað með sérstöku álagi á cif.-verð mikils hluta innflutningsins og verði álagið, sem hér segir:

- 1) 60% álag á allar vörur, sem nú eru á skilorðsbundnum frílista gegn frjálsum gjaldeyri.
- 2) 30% álag á þær vörur, sem nú eru á skilorðsbundnum frílista frá vöruskiptalöndum.
- 3) 60% álag á nokkrar lítt nauðsynlegar vörur, sjá fylgiskjal nr. 7.
- 4) 30% álag á ýmsar vélar, flestallar fjárfestingarvörur, neytluvörur aðrar en brýnuðu nauðsynjar, hraefni önnur en þau, sem notuð eru við útflutningsframleiðslu eða framleiðslu brynna nauðsynja. Sjá fylgiskjal nr. 7.

Enn fremur er lagt til, að togaragjald á bifreiðum verði áfram á næsta ári, og verði það 100% á allar fólksbifreiðir, sendiferðabíla og jeppa. Enda þótt innflutningur verði líklega mjög lítill, ættu að fast á þennan hátt 5-8 millj. kr., en ókleift er að gera nokkra nákvæma áætlun.



## ATHUGASEMDIR UM EFNAHAGSMÁL

### Inngangur

Undanfarin ár hefir mikið verið rætt um jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Höfuð skilyrði jafnvægisins eru tvö: að fjárfestingin sé ekki örari en sparifjarmyndunin (og erlendar lantökur) og að kaupgjaldið miðist við afkomu atvinnuveganna. Ríkisstjórnir þær, sem setið hafa síðan 1950, hafa lýst því yfir, að þær miðuðu stefnu sína í efnahagsmálunum við það að koma á jafnvægi í þjóðarbúskapnum og viðhalda því.

Í þessu sambandi er rétt að gera sér grein fyrir því hveršvegna talið er æskilegt að koma á og viðhalda jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Jafnvægið er mikilvægt af þremur ástæðum:

1. Jafnvægið er heilbrigður grundvöllur fyrir vexti atvinnulífsins. Án jafnvægis beinist fjármagn og vinnuafli meira en heilbriggt er að atvinnugreinum, sem gefa þjóðhagslega minna en aðrar í aðra hönd. Þjóðin ber minna en ella úr byt- um fyrir erfiði sitt og fyrirhöfn.

2. Jafnvægið í þjóðarbúskapnum er bezt grundvöllurinn fyrir heilbrigðri þróun verðlagsins, þ.e. að gildi peninganna haldist sem stöðugast. Þótt jafnvægi sé í þjóðarbúskapnum, geta menn að sjálfsögðu breytt gildi peninganna af handahófi, t.d. með því að breyta af handahófi verðlagi á þyðingarmikilli vöru eða þjónustu. Þekktasta dæmið er það, þegar launþegar og atvinnurekendur gera með sér samninga um kaupgjald, sem hækkar samanlagðan framleiðslukostnað upp fyrir það, sem þemur markaðsverði áfurðanna. Þegar atvinnurekendur fallast á slíka samninga, þá gera þeir það því aðeins að þeir hafi von eða vissu um það, að tapreksturinn verði greiddur af öðrum, eða að ríkisvaldið geri ráðstafanir, sem jafngildi því.

Stöðugt verðlag er samt gífurlegt hagsmunamál þjóðarinnar, ekki hvað sízt verkalyðsins.

Árið 1951 var verðlagið enn að stíga. Það ár nam aukning sparifjarinnistæðna í bönkum og sparisjóðum aðeins 16 milljónum króna. Það er augljóst, að peningastofnanirnar höfðu þá lítið fé til þess að lána út til þess að greiða fyrir efnahagslegum framförum þjóðarinnar. En á því ári fékk þjóðin til ráðstöfunar erlent fé, lán og gjafir, samtals 140 milljónir króna, sem jók það fé, er var til ráðstöfunar til nýrra framkvæmda.

Þrem árum seinna, árið 1954, jukust sparifjarinnistæðurnar um 194 millj. kr. Erlendu lánin namu 29 millj. kr., en Marshallaðstoðin var þá hætt. Það er augljóst, að seinna árið höfðu peningastofnanirnar langtum meira innlent fé til að lána til framkvæmda.

Þá má einnig bæta því við, að fyrra árið jukust þjóðar- tekjurnar raunverulega ekkert, en seinna árið um 13%.

Í þessu sambandi er augljóst, hve gífurlega miklar breytingar verða á sparifjaraukningunni. Fyrra árið er verðlag að hækka, því stöðvun verðlagsins kemur ekki fyrr en vorið 1952. Seinna árið var aftur á móti stöðugt verðlag og peningagildi, og hafði þá haldizt á þriðja ár. Það er einkum sú staðreynd, sem gerir gæfumaninn. Það er fyrst og fremst traustið á peningunum, sem veldur því, að spariféð



störeykst seinna árið. Allir andlega heilbrigðir menn sjá, að framfarir þjóðarinnar verða fyrst og fremst að byggjast á framleiðslu og sparnaði þjóðarinnar sjálfrar. Hvort-tveggja er mest undir stöðugu verðlagi og trú manna á gildi peninganna komið, því trúin á stöðugu gildi peninganna er í rauninni traust á framtíðinni, traust á því, að þjóðfélagið haldi loforð sín við einstaklinginn.

Þar sem stöðugt verðlag hefir svona mikla þýðingu fyrir framleiðslu og framkvæmdir, þá er varðveizla þess storkostlegt hagsmunamál þjóðarinnar í heild.

Vinnan er þýðingarmesti framleiðslupátturinn. Vinnan er stærsti liðurinn í allri framleiðslu og framkvæmdum, samgöngum og verzlun. Þegar kaupgjaldið hækkar, hækkar framleiðslukostnaðurinn svo til hlutfallslega. Það er tvennt, sem gerir að hann hækkar stundum ekki hlutfallslega strax. Annað er það, að sum atvinnutæki þarf ekki að endurnýja strax, og að komið verður af um sinn með ófullnægjandi afskriftir. En auðvitað er lítil framtíð í því að afskrifa atvinnutækin of lítið, til þess að hægt sé að endurnýja þau. Sízt ætti verkalýðnum að vera hagar í því að stuðla að kyrrstöðu í tækniprouninni. Hitt er það, að sé genginu haldið óbreyttu, þegar kaupgjald hækkar, þá hækkar innflutta varan ekki í verði og verður þá meira keypt af vöru frá utlöndum en áður. En allir sjá, að slíkt getur ekki gengið nema um sinn, og aðeins svo lengi sem forði erlends gjaldeyris er fyrir hendi. Ekki getur heldur verið mikil framtíð í þessu, þar sem nokkur gjaldeyrisforði er lífsnauðsyn til þess að framleiðsla og framkvæmdir geti gengið skrykkjalaust.

Vinnuaflið er svo almennur og mikilvægur þáttur allrar framleiðslu, að þegar það hækkar skyndilega í verði, þá hækkar allt verðlag fljótlega hlutfallslega. Aðrar hugmyndir um samhengið eru ekki annað en blekking.

3. Við jafnvægi í þjóðarbúskapnum myndast og helst jafnvægi í gjaldeyrisverzluninni. Við það ástand er ástæðulaust að takmarka heildareftirspurnina eftir erlendum gjaldreyri með höftum. Innflutningnum má samt reisa ymsar skorður, ef þörf þykir. Þannig má setja ákæði um það, að tiltekna vörur verði aðeins fluttar inn frá tilteknum löndum. En slíkt er annað en að tiltaka, hve mikið heildarmagn megi flytja inn. Þegar jafnvægi er, getur verzlunin þannig verið tiltölulega frjáls. Ætti að vera augljóst, hvað slíkt þýðir fyrir alla, sem fást við framleiðslu og kvæmdir, þótt margir muni ekki eftir öðrum en neytandanum í þessu sambandi.

Hvað hefir farið úr skorðum?

Það liggur í augum uppi, að almennar kauphækkningar auka ekki raunverulegar þjóðartekjur. Þjóðartekjurnar kunna að reiknast í fleiri krónum en áður, en það eru smærri krónur. Hið raunverulega verðmæti þeirra hækkar ekki við þann umreikning. Það, sem gerist við almennar kauphækkningar, er, að skipting þjóðarteknanna breytist. Almenn kaupgjaldshækkun þýðir fyrst og fremst, að tekjur flytjast frá þeim, sem vinna að útflutningsframleiðslu, til þeirra, sem vinna að framleiðslu fyrir innanlandsmarkaðinn, svo og við samgöngur og verzlun. Það er því einnig augljóst, að almennar kauphækkningar bitna fyrst og fremst á útflutningsframleiðslunni. Hún ein getur ekki velt af sér hærri framleiðslu-



kostnaði með herra afurðaverði, því hinu síðarnefnda ráða utflýgjendur ekki.

Þegar kaupgjaldið fór að hækka eftir gengislækkunina 1950, reyndist óhjákvæmilegt að bæta sjómönnum þann tilflutning á tekjum til annarra, sem hækkan kaupgjaldsins var. Það ráð var tekið að taka hátt gjald af allmörgum vörum, og nota það til að auka peningatekjur sjómanna. Um leið hefir hækkan þessara vörutegunda að sjálfsögðu rýrt tekjur þeirra, sem fengið hafa hækkan kaupgjald. Flestir sjá, að þessar hækkanir á vöxl eru hættulegar. Efnahagskerfið verður miklu flóknara en ella, og ýmiskonar óheilbrigði boðið heim, auk þess sem endurteknar hækkanir hljóta fyrr eða síðar að leiða til gengislækkunar.

Þrátt fyrir þessa þróun hefir undanfarin 3 ár ríkt meira jafnvægi í þjóðarbúskapnum en um langan aldur. Jafnvæginu fylgdi full atvinna, vaxandi þjóðartekjur, tiltölulega frjáls innflutningsverzlun, nægilegt vöruframboð, vaxandi sparnaður, miklar framkvæmdir. (Þetta mál er rakið í sérstakri grein í "Úr þjóðarbúskapnum": Nokkur atriði efnahagsmalanna 1950-1954). Þessi þróun er nú að breytast.

Það, sem oftast setur atvinnukerfið úr skorðum, eru of mikil bankautlán. Nýir peningar eru settir í umferð, án þess raunveruleg verðmæti seu fyrir þeim, án þess að þeir seu skapaðir með nýjum verðmætum. Þessir peningar eru settir í umferð, til þess að greiða með nýjar framkvæmdir, eða til þess að jafna greiðsluhalla hjá ríkinu eða atvinnufyrirtækjum. Slík útlán auka eftirspurnina eftir vinnuafli og skapa erfitt ástand á vinnumarkaðinum. Auk þess valda þau greiðsluhalla við utlönd.

Í apríl sem leið knúðu launþegasamtökin fram hækkan alls kaupgjalds í landinu. Í kjölfarið hefir auðvitað siglt herra verð á landbúnaðarafurðum, auk þeirra áhrifa á fiskverðið, sem búast má við að komi fram áður en langt um líður. Ennþá eru innfluttu vörurnar á óbreyttu verðlagi, vegna óbreytts gengis. En þetta hefir það í för með sér, að óeðlilegur halli hefur orðið á gjaldeyrisverzluninni seinustu mánuðina.

Útflutningsframleiðslan er yfirleitt rekin með styrkjum. Enn sem komið er, er ekki að sjá, að um annan taprekstur sé að ræða, en auðvitað myndi hann koma í ljós, ef fiskverð hækkaði frá því sem nú er. Hins vegar er fjárfestingin meiri en heilbriggt verður að teljast. Það er ekki óheilbriggt, að fjárfestingin sé mikil, þegar mikið fjármagn er til reiðu, og hefir áður verið minnst á hina miklu aukningu sparifjárins. En fjárfestingin er meiri en sem nemur tiltæku fjármagni. Stafar það af óeðlilega miklum útlánum hjá bönkunum. Enda hafa útlánin aukist um hvorki meira né minna en 308 millj. kr. frá septemberlokum 1954, til septemberloka 1955. Birgðir utflutningsvöru eru nokkru meiri en í fyrra, en ekki nema sem svarar kringum einum þriðja þessarar aukningar.

Það, sem sett hefir efnahagskerfið úr skorðum, er því tvennt: stóraukin útlán bankanna og hækkan kaupgjaldsins í apríl síðastliðnum.

Það liggur í augum uppi, hvað það er, sem beinast liggur við að gera, til þess að koma atvinnulífinu á réttan



kjöl aftur, og hvað er lágmark þess, sem gera þarf, til þess að ná aftur því ástandi, sem ríkt hefir undanfarin þrjú ár: að stíga umrædd óheillasspor til baka.

### Bankar eða höft

Í greinargerðinni fyrir gengislækkunarfrumvarpinu 1950 segir svo:

"Jafnvægisástandi innanlands má koma á fyrst og fremst með því að sjá um, að engin lánsfjárbensla eigi sér stað hjá bönkunum, og að ríkisreksturinn sé hallalaus. Skortur á jafnvægi við utlönd, þ.e. taprekstur í utflutningsframleiðslunni og greiðsluhalli við utlönd, stafar af misvægi innanlands. Þegar verzlunarhöftum og eftirliti með verðlagi og fjárfestingu þarf að beita um lengri tíma, stafar það af óheilbrigðri meðferð banka- og fjármála. Verzlunarhöftum og eftirliti með fjárfestingu þarf aldrei að beita lengi í senn nema annað tveggja sé, að bankarnir eða ríkið eða báðir þessir aðilar, hagi starfsemi sinni gálauslega, eða að stefna óhóflegrar fjárfestingar hindrar heilbrigða meðferð banka- og fjármála.

Haftaverzlunin og eftirlitsstarfsemi stofnana eins og viðskiptanefndar og fjárhagsráðs stafa aðallega af því, hvernig hagar til með stjórn peningamála og fjármála. Sé horfið að því að taka upp heilbrigðari meðferð banka- og fjármála, leiðir það til þess, að hægt verður að leggja niður haftafyrirkomulagið og stofnanir þess, nema að svo miklu leyti, sem það fyrirkomulag er óhjákvæmilegt vegna annarra þjóa." (Bls. 25).

"Við höfum áður bent á það, að verzlunarhöftunum er viðhaldið vegna þess, að bankarnir reka óheilbrigða utlána-starfsemi. Höftin eru til þess að vernda gegn afleiðingum hennar." (Bls. 58).

"Nýmyndun peninga hjá Landsbankanum nemur því 37 millj. króna á árinu (1949). Verði svona bankapólitik haldið áfram, þá stígur verðlagið meira en við reiknum að öðru leyti með, og mun þá gengislækkunin senn reynast ónóg." (Bls. 44).

### Yfirstjórn peningamálanna

Það hefir hvað eftir annað komið í ljós á undanförunum árum, að ráðstafanir á sviði efnahagsmálanna, sem tengdar hafa verið ráðstöfunum í peningamálunum, hafa ekki reynzt í framkvæmd eins og þær hafa verið hugsaðar. Einkum hefir komið í ljós, að það er svo til ómögulegt að hafa áhrif á utlán bankanna, nema til að auka þau. Í peningamálunum er ekkert yfirvald, sem ákveði stefnu og annízt framkvæmdir, annað en ríkisstjórnin sjálf. Það vantar sérstakan aðila, sem fari með þessi mál.

Samkvæmt lögunum um Landsbanka Íslands er bankinn hugsaður sem seðlabanki og þjóðbanki. Stærstu deildirnar heita seðlabanki og sparisjóðsdeild. Í reyndinni hefir sparisjóðsdeildin gert bankann að stærsta viðskiptabanka þjóðarinnar, og sú staðreynd virðist ráða hugsunarhætti og



ákvörðunum bankastjórnarinnar. Bankinn hefir ekkert laga-  
legt vald yfir öðrum peningastofnunum, enda litla aðstöðu  
til að koma fram á sérstakan hátt gagnvart þeim, þar sem  
hann sem viðskiptabanki hefir sjálfur sömu aðstöðu og þeir  
gagnvart almenningi. 1/2

Á tímum mikillar velgengni og dýrtíðar er ævinlega  
gífurleg eftirspurn eftir lánsfé. Miklir möguleikar eru á  
ábatasömum viðskiptum eða atvinnurekstri, og við hækkandi  
verðlag skapast óeðlilegur hagnaður, þar sem allar skuldir  
eru endurgreiddar í minni krónum en til var stofnað. Á  
slíkum tímum hvílir þá mikill þungi á öllum bönkum.

Útlán seðlabankans á árinu hafa stórukízt. Endurkaup  
víxla út á utflutningsafurðir hafa aukízt mikið, en það  
stafar af aukningu birgða utflutningsvöru. Þá hefir seðla-  
bankinn hafið endurkaup á víxlum vegna afurða fyrir innan-  
landsmarkaðinn. Hins vegar verður ekki séð, að þessir  
síðarnefndu víxlar séu innheimtir við sölu afurðanna á sama  
hátt og við sölu utflutningsafurðanna. Lán sem þessi eru  
fjárhagskerfinu hettuleg, séu þau annað en bráðabirgðalán. | Þetta  
nétt?

Eitt af því varhugaverðasta í starfsemi seðlabankans  
eru samt hin beinu lán til viðskiptabankanna, þar með talin  
lán til sparisjóðseildar Landsbankans. Þessi lán, sem  
engin ættu að vera, hafa stórukízt upp á síðkastið. Á ár-  
inu 1954 jukust þau um 18 millj. kr. Og til septemberloka  
í ár jukust þau enn um hvorki meira né minna en 58 millj. kr.

Það er augljóst mál, að ekkert fjárhagskerfi polir  
slíkar aðfarir.

Það, sem fyrst af öllu liggur fyrir að gera, er að  
stofnsetja yfirvald í peningamálunum. Þetta væri bezt gert  
með því að gera seðlabankann að sjálfstæðum þjóðbanka, undir  
sérstakri stjórn.

Auk þess þarf að gera sérstakar ráðstafanir í peninga-  
málunum án tafar. Eru þær ræddar í sérstökum kafla.

### Kaupgjald og verðlag

Hið annað, sem óhjákvæmilegt er að gera, til þess að  
ná aftur því ástandi, sem ríkti hér undanfarið þrjú ár, er  
að lækka allt kaupgjald og verðlag í það horf, sem það var  
fyrir verkfallið á síðastliðnum vetri, bæði grunnkaup og  
kaupgjaldsuppbót samkvæmt vísitölu. Verður niðurfærslan  
rædd nánar í sérstökum kafla.

Hér er gert ráð fyrir, að kaupgjaldið myndi lækka í  
einum áfanga, en verðlagið myndi lækka smám saman á eftir.  
Þetta er nákvæmlega samskonar aðferð og í vetur: Kaupgjaldið  
var hækkað í einum áfanga, verðlagið hefir svo verið að  
breytast á eftir smám saman.

Lækkun verðlagsins má flýta með því að gera þær ráð-  
stafanir, að vörur, sem framleiddar eru fyrir innanlands-  
markaðinn, og hækkað hafa í verði undanfarið, verði lækk-  
aðar aftur um leið og kaupgjaldið og framleiðslukostnaður-  
inn lækkar. Er gert ráð fyrir sérstökum ráðstöfunum til  
þess að þrýsta niður verðlaginu.



Um landbúnaðarverðið er það að segja, að það væri sanngjarnt, að bændur fengju að njóta hins hækkaða verðlags, sem akveðið var í haust, svipaðan tíma og hið háa kaupgjald hefir gilt. En það virðist öllu skynsamlegra að lækka landbúnaðarverðið nokkuð strax, en láta það verðlag svo gilda til næsta hausts, lækka það t.d. nú um 5%. Að öðru óbreyttu myndi svo landbúnaðarverðlagið lækka að fullu næsta haust og verða þá svipað því, sem það var á síðastliðnu ári.

Með þeim ráðstöfunum, sem gera verður í peningamálunum samhliða lækkun kaupgjaldsins, er nokkurn veginn víst, að hægt verður að halda óbreyttri stefnu í verzlunarmálunum og eins í fjárfestingarmálunum, þ.e.a.s. hvort tveggja getur haldið áfram án þess að beita þurfi beinum höftum í verzlun eða fjárfestingu, umfram það sem nú er. Hægt er þá að halda því frelsi, sem menn nú hafa, bæði til viðskipta og framkvæmda.

Þá má einnig líta svo á, að hin almenna niðurfærsla kaupgjalds og verðlags geti orðið góður grundvöllur að frekari hagstæðum breytingum á efnahagskerfinu. Niðurfærslan myndi hafa góð áhrif í þá átt að draga úr ásókninni í fjárfestingu, einkum þar sem frekari ráðstafanir koma til, ennfremur verða til þess að örva sparifjarsöfnunina.

Frekari niðurfærsla en hér er gert ráð fyrir, myndi auðvelda algert afnám styrkja til útflutningsframleiðslunnar. Traustið á gildi peninganna myndi vaxa, traustið á efnahag þjóðarinnar sömuleiðis. Hvort tveggja myndi reynast hinn öruggasti grundvöllur fyrir áframhaldandi efnahagslegum framförum. Slík niðurfærsla ætti að verða auðveldari, þegar hagstæð áhrif þeirra ráðstafana, sem hér er gert ráð fyrir, fara að koma í ljós.

#### Almennt um niðurfærsluna

Um þýðingu jafnvægis í þjóðarbúskapnum fyrir framleiðslu og framkvæmdir var rætt í innganginum. Jafnvægi má ná eftir tveim megin leiðum: niðurfærslu eða gengislækkun. Ráðstafanir til þess að draga úr þenslunni í peningamálunum og atvinnulífinu eru báðum sameiginlegar og því ræddar í sérstökum kafla. Sé niðurfærsluleiðin valin, eru þær ráðstafanir þáttur í allsherjar framkvæmdum, en sé gengislækkunin valin, þá eru þær nauðsynlegur undirbúningur, til þess að draga úr verðlagsáhrifum gengislækkunarinnar.

Hér á eftir fara nokkrar athugasemdir um það, hvers vegna rétt er talið að velja niðurfærsluleiðina í nuverandi ástandi, og að lokum eru nokkur orð um framkvæmd hennar.

#### 1. Tilfærsla á tekjum

Hin almenna hækkun kaupgjalds hækkar ekki raunverulegar tekjur launþeganna að sama skapi, eins og margoft hefir verið bent á. Innlendir afurðir hljóta að hækka í verði, ennfremur innfluttar vörur, eða strax og gjaldeyrisforðinn þrytur og innflutningshöft, vöruskortur eða gengislækkun koma í kjölfarið. Þetta hefir margsinis verið bent á.

Á sama hátt rýrir lækkun kaupgjaldsins ekki raunverulegar tekjur launþeganna að sama skapi, ekki neitt nálægt því.



Verðlag á vörum innanlands lækkar vegna lækkandi framleiðslukostnaðar. Og til frekari tryggingar er lagt til, að sérstök nefnd fylgi þessu máli eftir í framkvæmd, til þess að gera biðina eftir lækkun verðlagsins sem skemmsta.

Lækkun kaupgjaldsins þýðir fyrst og fremst yfirfærslu á tekjum til þeirra framleiðslugreina, sem framleiða til útflutnings. Nu er vitað, að hinn hækkandi framleiðslukostnaður þýðir það, að frystihúsin geta senn ekki greitt fyrir fiskinn eins hátt verð og áður. Á sama tíma munu sjómenn telja, að þeir þurfi fremur herra en lægra verð fyrir fiskinn. Það verður því að láta útflutningsframleiðsluna fá styrk, annað hvort beinan styrk með auknum tollum og sköttum, eða með gengislækkun, áður en langt um liður.

Undir núverandi kringumstæðum myndi almenn kaupgjaldslækkun valda minnstri röskun á efnahagskerfinu. En tilflutningur þjóðarteknanna verður ekki umflúinn, nema menn vilji setta sig við almennt atvinnuleysi.

## 2. Röskunin er ný

Frá því hinir nýju kaupgjaldssamningar voru gerðir eru liðnir aðeins sjö mánuðir. Hækkun kaupgjaldsins er þegar orðin tæp 20%, en meiri hækkun er að sjálfsögðu framundan, verði ekki að gert. Enn sem komið er hefir því fátt raskast annað en verðlagið, þótt óðum stefni nú í öefni með utanríkisverzlunina. Þegar gengislækkunarleiðin var valin 1950, þá hafði átt sér stað allsherjar röskun á fjárhagskerfinu í heilan áratug. Þróunin hafði því leitt frá jafnvægi um arabíl, en ekki til jafnvægis eins og seinustu árin.

Afleiðingar verðlagshækkunaröldunnar eru hvergi nærri komnar fram, en fyrirsjáanlegar. Niðurfærslan er því ekki skref afturábak frá einhverju settu ástandi, heldur það að velja skref, sem leiðir til jafnvægis fremur en skref, sem að öðrum kosti er óhjákvæmilegt og leiðir lengra út í ófærana. Kyrrstaða við núverandi ástand er útilokuð. Annað hvort verður að fara aftur á bak eða áfram. Það er enn ekki of seint að taka skrefið til baka.

## 3. Röskun samninga

Verðlagshækkunin raskar innihaldi allra samninga milli skuldara og lánardrottna. En þar sem skammt er liðið frá því verðlagsaldan reis, hefir myndast tiltölulega lítið af skuldum, sem stofnað hefir verið til á grundvelli hins nýja verðlags. Málið horfir því talsvert öðruvísi við heldur en 1950. Þá höfðu myndast miklar skuldir á hinu herra verðlagi, sem staðið hafði árin á undan.

Eignareikningar bankanna um seinustu áramót sýna innlendar eignir samtals um 3 milljarða króna. Verðhækkunin, sem orðin er, hefir rýrt sjóði þeirra um kringum 200 millj. kr., og 20% verðhækkun rýrir sjóði þeirra kringum 600 millj. kr. Af þessu tjóni er tjón sparifjareigendanna tilfínnanlegast. Afleiðingarnar af þessari þróun hlytur að verða almennur lánsfjárskortur. Og um leið veikist grundvöllurinn fyrir nýjum framkvæmdum.

## 4. Vöruframboð

Nægilegt vörumagn er á boðstólum innanlands og mundi fremur aukast en minnka, ef mönnum yrði það ljóst, að lækk-



andi verðlag er fyrir dyrum, en ekki hækkingi. Lækkingi verðlag myndi því draga úr innflutningi á tvennan hátt: peningatekjur þjóðarinnar í heild lækka og vörubirgðir, sem til eru innanlands, koma á markaðinn.

### 5. Dýrtíðarhugarfarið

Það er alkunn staðreynd, að það, sem menn búast við að gerist í verðlagsmálunum, það verður. Þegar menn búast við hækkingu á verðlagi, örvast öll innkaup. Fjör hleypur í öll viðskipti. Afleiðingin verður sú, að verðlagið hækkar. Þegar menn búast við miklum framkvæmdum, þá flyta margir sér af stað, til þess að verða fyrstir. Undanfarið 15 ár hefir verðlagið yfirleitt ekki breytt nema á einn veg: hækkað. Það er því eðlilegt, að menn að fenginni reynzlu buist við frekari hækkingum. Það gefur auga leið, að þetta viðhorf ýtir gífurlega undir hraða framkvæmda og ásókn í lánsfé til þeirra. Einhver óheppilegustu áhrif gengislækkunarinnar 1950 voru þau, að hella oliu á þennan eld, að glæða vonir allra spákaupmanna. Það er augljóst, að tími er kominn til að stinga við fæti. Niðurfærslan myndi hafa mikil og hagstæð áhrif á þann veg að lágja þennan eld óheilbrigðra eftirvæntinga og verðhækkunarvona. Ef frá er skilið lækkingu framleiðslukostnaðarins, þá eru þetta hagstæðustu áhrif niðurfærslunnar.

### 6. Full atvinna

Í árslok 1949 var atvinnuástandið ekki sem bezt. Auk almennrar stöðvunar sjávarútvegsins, sem yfir vofði, var nokkurt atvinnuleysi. Eins og stendur er full atvinna og meira en það. Þar sem nægilegir markaðir fyrir útflutningsafurðirnar virðast fyrir hendi, og þar sem niðurfærslan þýðir fyrst og fremst yfirfærslu tekna til útflutningsframleiðslunnar, þá er augljóst, að það þarf ekki að óttast, að niðurfærslan myndi hafa í för með sér almenn atvinnuleysi. Lækkingu framleiðslukostnaðarins myndi þvert á moti styrkja grundvöll atvinnuveganna.

#### Framkvæmdin

Það liggur í augum uppi, að helzti annmarki niðurfærslunnar er stjórnmálalegs eðlis. Hins vegar er óverjandi að hliðra sér hjá því að horfast í augu við vandamalin eins og þau eru í raun og veru og taka fyrst og fremst til athugunar þær ráðstafanir, sem við ríkjandi aðstæður myndi hafa farsælust áhrifin.

Við framkvæmd niðurfærslunnar koma tvær leiðir til mála: samningar við launþegasamtökin eða lagaþætning. Á þeim vettvangi er málið fyrst og fremst vandamál ríkisstjórnarinnar og Alþingis.

#### Niðurfærslan

1. Grunnkaup skal greitt á sama hátt og fyrir gildistöku hinna nýju kaupgjaldssamninga frá 28. apríl, 1955. Sú hækking um 10% á almennu kaupverkamanna, sem samið var um, fellur niður (lækkingu um rúmlega 9%), ennfremur lækki grunnkaup þeirra, sem hærri laun taka en kr. 9,24 á klst. um þá hækkingu, sem varð samkvæmt hinum nýju samningum, eða með samningum, er gerðir hafa verið síðan.



2. Verðlagsuppbót skal greidd á allt grunnkaup samkvæmt kaupgjaldsvísitalunni 151, að viðbættum 10 stigum, og gildi þetta um allt grunnkaup.

Síðan samningar voru gerðir hefir vísitalan hækkað í 173 stig, og kaupgjaldsvísitalan upp í 161 stig. Kaupgjaldið hefir því enn hækkað um 6,21% vegna hækkunar vísitalunnar síðan samningar voru gerðir.

3. Ákvæði um greiðslu vegna veikindadaga, 1% af öllu útborguðu kaupi, haldist óbreytt, sömuleiðis ákvæði um hækkun orlofs úr 5% í 6% af kaupi, enn fremur haldist óbreytt ákvæðin um atvinnuleysistryggingarsjóð.

4. Kaupgjaldsnefnd, Nauðsynlegt mun vera að setja nefnd til þess að urskurða um ágreining, sem kann að rísa um túlkun þeirra ákvæða, sem sett yrðu um niðurfærslu kaupgjalds. Virðist sanngjarnast, að nefndin væri skipuð einum fulltrúa tilnefndum af Alþýðusambandinu, einum fulltrúa tilnefndum af Vinnuveitendasambandinu, og að oddamaður yrði tilnefndur af Hæstarétti.

5. Niðurfærslunefnd. Þegar almennur samdráttur verður í efnahagslífinu eða almenn lækkun kaupgjalds og framleiðslukostnaðar, þá lækkar verðlagið, þegar frá liður, fyrst og fremst vegna sölutregðu. Peningatekjur almennings lækka, og við það myndast sölutregða. Sölutregðan pressar síðan niður verðlagið. En það, sem gerir slíka lækkun verðlagsins mögulega, er sú lækkun framleiðslukostnaðar, sem þegar hefir átt sér stað.

Þegar vitað er, að framleiðslukostnaður hefir lækkað, er ekki nauðsynlegt að biða eftir því, að sölutregðan myndist. Setja má nefnd, sem starfi líkt og verðlagseftirlitið og fái vald til þess að þrýsta niður verðlagi á vörum framleiddum fyrir innanlandsmarkaðinn jafnt og hvers konar þjónustu. Verðlækkunin gerist þá hraðar en ella.

Virðist hægt að hugsa sér, að nefndin yrði skipuð fulltrúum frá Alþýðusambandinu, Félagi ísl. iðnrekenda, B.S.R.B., Vinnuveitendasambandinu og að Hæstiréttur tilnefndi oddamann. En vel kæmi til mála að skipa nefndina á annan veg.

#### Athugasemdir:

Framanskráð þýðir, að launþegar halda áfram um 6% hækkun á kaupgjaldi vegna friðinda, þ.e. 1% vegna veikindadaga, 1% vegna orlofs og 4% vegna atvinnuleysistrygginga. Þessi byrði skiptist þannig, að atvinnurekendur greiða 3%, ríkissjóður 2% og sveitafélag 1%. Það verður að telja, að umrædd 3% séu hámark þess, sem utflutningsatvinnuvegirnar myndu geta borið, að óbreyttum aðstæðum. Hin þrjú prósentin eru aukin nýskipting þjóðarteknanna með hækkun skatta. Lækkun grunnkaupsins um rúm 9% myndi öll koma fram sem lægri framleiðslukostnaður.

Frá sjónarmiði atvinnurekandans hækkuðu kaupgreiðslur um 13,3% við samningana. Hækkun kaupgjaldsvísitalunnar í 161 stig gerir hækkunina fyrir atvinnurekendurna samtals rúmlega 19,5% síðan samningar voru gerðir.

Lækkun sú á kaupgjaldinu - bæði grunnkaupi og verðlagsuppbót - sem gert er ráð fyrir, myndi því nema um 14,2% af núverandi kaupgjaldi.



Áætlun

um breytingar á vísitölunni fram að

1. febrúar 1956

Gerð hefur verið athugun á því, hver vísitalan 1. febrúar 1956 muni verða. Æskilegt hefði verið að gera áætlun um verðbreytingar lengra fram í tímann, en það er miklum vandkvæðum bundið ýmissa hluta vegna. Hins vegar er mikilvægt að gera sér grein fyrir vísitölunni 1. febrúar 1956, vegna þess að kaupgjaldsvísitalan fyrir mánuðina marz til maí 1956 er reiknuð eftir henni. Það skal tekið fram, að í sambandi við athugun þessa fengust ekki upplýsingar um neinar meiri háttar verðbreytingar eftir 1. febrúar næstkomandi, nema um hækkun sjúkrasamlagsiðgjalda, sem gera má ráð fyrir, að verði 1. maí eða 1. júní 1956.

Framfærsluvísitala nóvembermánaðar 1955 er 173,07, sem lækkar í 173 stig. Raunveruleg kaupgjaldsvísitala mánaðanna desember 1955 - febrúar 1956 er 170,86, sem hækkar í 171. Bilið milli framfærsluvísitölu og kaupgjaldsvísitölu, sem var 10,44 stig frá hausti 1954, hækkaði í haust í 12,21 stig, og verður svo til næsta hausts. Bilið milli framfærsluvísitölu og hinnar raunverulegu kaupgjaldsvísitölu (kaupgjaldsvísitala + 10 stig) er nú komið upp í 2,21 stig.

Hér fer á eftir yfirlit um breytingar á framfærsluvísitölunni frá 1. nóvember 1955 til 1. febrúar 1956:

	<u>Hækkun</u> <u>stig</u>	<u>Lækkun</u> <u>stig</u>
Kindakjöt, 30 au. hækkun á kg. vegna geymslukostnaðar	0,16	
Saltkjöt, sama	0,08	
Fiskur, 10 au. hækkun á kg. af þorski og ýsu	0,13	
Smjörlíki, 25 au. lækkun á kg., sennilega í janúar 1956		0,07
Hveiti, 25 au. hækkun	0,13	
Hrísgrjón, 1 kr. lækkun		0,08
Franskbrauð, 30 au. hækkun á 500 gr. brauð, skeður bráðlega	0,17	
Kaffibrauð, 10% hækkun væntanleg bráðlega	0,38	
Kaffi, verðlækkun kr. 3,60 á kg., væntanleg í janúar		0,29
Kaffibætir, hækkun 2 kr. á kg., þegar orðin	0,09	
Kol, 60 kr. hækkun á tonn yfírvofandi	0,17	



	<u>Hækkun</u> <u>stig</u>	<u>Lækkun</u> <u>stig</u>
Olía, 3 au. hækkun á ltr., þegar orðin	0,05	
Fatnaður, sem verð breytist á samkvæmt vísitölu	0,12	
Húsnæði	0,26	
Húshjálp vegna vísitöluhækkunar	0,04	
Lyf, 2% hækkun frá áramótum	0,03	
Útvarpsgjald?	-	
Strætisvagnagjöld, bíður samþykkis hlutaðeigandi stjórnarvalda	0,18	
Sérleyfisbifreiðafargjöld, bíður samþykkis hlutaðeigandi stjórnarvalda	0,06	
Samtals	<u>2,05</u>	<u>0,44</u>
Hækkanir samtals . . . . .	2,05 stig	
Lækkanir " . . . . .	<u>0,44 -</u>	
Nettóhækkun	1,61 stig	
Framfærsluvísitala 1/11/55 . . .	<u>173,07 -</u>	
Áætluð vísitala 1/2 1956 . . . .	174,68 stig	
Frádráttur (12,21 stig - 10 stig)	<u>2,21 -</u>	
Þaunveruleg kaupgjaldsvísitala áætluð 1/2 1956 . . . . .	172,47 stig	

Þess skal getið, að hækkun sú á fiskverði, sem hér er gert ráð fyrir, 10 au. á kg., er nánast ágizkun, þar sem engin vitneskja er fyrir hendi um fiskverðið frá næstu áramótum. Hækkun strætisvagnagjalda og sérleyfisbifreiðafargjalda, sem mundi þýða 0,24 stiga vísitöluhækkun, hefur verið mjög lengi á döfinni, og má því vera, að ákvörðun dragist enn fram yfir 1. febrúar næstkomandi. - Talað hefur verið um að hækka afnotagjald útvarps um 15 kr., og mundi það valda 0,07 stiga vísitöluhækkun. Gjaldþagi afnotagjaldsins er ekki fyrr en 1. apríl, og er því ekki sennilegt, að ákvörðun verði tekin um þetta fyrir 1. febrúar.

Þessar óvissu hækkanir nema 0,35 stigum af 1,61 stigs nettóhækkun samkvæmt ofangreindu. En allar aðrar verðbreytingar, sem hér er gert ráð fyrir, verða komnar fram fyrir 1. febrúar næstkomandi, ef þær hafa ekki þegar átt sér stað. Að sjálfsögðu geta orðið óvæntar breytningar, þannig að annað verði uppi á teningnum en að ofan getur, og slíkt verður sjálfsagt miklu fremur til hækkunar en til lækkunar.

Þá er þess að geta, að um margar vörur í vísitölu hefur ekki verið hægt að áætla neitt. Ógerlegt er að sjá neitt ákveðið fyrir um verðbreytingar á vefnaðarvöru og fatnaði, sem er mjög stór flokkur í vísitölu. Sama er



að segja um búsaðöld, hreinlætisvörur o.fl. Hins vegar er ekki ástæða til að byast við meiri háttar verðhækkunum á þessum vörum. Verð á vefnaðarvörum og fatnaði hefur farið smáhækkandi á þessu ári, og sennilega hefur hækkun kaupgjaldsvísitölunnar um 7 stig frá 1. desember 1955 talsverð ahrif til hækkunar fram yfir það, sem reiknað er með í áætluninni (0,12 stig, sja ofangreint). Þá verður líka sjálf-sagt eitthvað um utan að komandi verðhækkunir.

Niðurstaðan af þessu er sú, að ef ekki verða meiri háttar óvæntar verðbreytingar á næstu tveimur mánuðum, þá verður raunveruleg kaupgjaldsvísitala 1. febrúar 1956, er gildir fyrir mánuðina marz - maí næstkomandi, 173, eða 2 stigum hærri en hún er frá 1. desember. Áætlunin er 172,47 stig, og er því hér heilt vísitölustig til vara, til þess að mæta verðhækkunum á vefnaðarvöru, sem mest hætta er á að eigi ser stað.

	I	II	III
Áætluð kaupgjaldsvísitala að viðbættum 0,53 stigum til vara	173,0	173,0	173,0
Tollar:			
á sykri án álags (I)	0,4	-	-
" kaffi án álags (I)	0,3	-	-
á sykri með núgildandi álagi (II)	-	1,0	-
" kaffi " " " (II)	-	0,6	-
á sykri með hækkun álagi (III)	-	-	1,2
" kaffi " " " (III)	-	-	0,7
A l l s	173,7	174,6	174,9

- Tilfelli I: Tollar samkvæmt tollskrá lagðir á, en hvorki 250% álag á vörumagnstoll né 45% álag á verðtoll.
- Tilfelli II: Tollar samkvæmt tollskrá ásamt 250% álagi á vörumagnstoll og 45% álagi á verðtoll.
- Tilfelli III: Sama og í II, nema álag á vörumagnstoll er 336% í stað 250%.

Framfærsluvísitalan 1. febrúar 1956 yrði sem hér segir:

Tilfelli I:	175,9 : 176 stig
Tilfelli II:	176,8 : 177 -
Tilfelli III:	177,1 : 177 -

Að því er snertir tolla þá á sykri og kaffi, sem hér er um að ræða, vísast til fskj. nr. 3.



Byggingarvöruinnflutningur 1949-1955

A. Innfl. jan.-des.

<u>Ár</u>	<u>Sement</u>		<u>Timbur</u>		<u>Járn og stál</u>	
	<u>Tonn</u>	<u>pús. kr.</u>	<u>1000 cbf.</u>	<u>pús.kr.</u>	<u>Tonn</u>	<u>pús.kr.</u>
1949	44.427,0	8.415	1.305,9	15.141	10.071,0	15.012
1950	36.936,3	12.395	785,4	14.753	7.426,1	14.647
1951	32.724,6	8.852	1.209,4	33.011	6.819,2	23.415
1952	45.657,7	20.062	1.058,7	31.069	8.413,3	30.961
1953	54.710,6	21.069	1.662,8	47.688	13.888,3	45.121
1954	63.434,3	20.380	1.894,3	53.396	16.446,9	46.302

B. Innfl. jan.-október

1951	26.035,5	11.188	957,0	28.032	7.067,0	22.257
1952	30.451,8	13.755	829,6	25.259	6.988,9	26.236
1953	46.835,9	18.292	1.306,3	37.980	10.703,4	35.683
1954	53.184,5	16.952	1.615,2	45.013	14.525,9	41.033
1955	57.458,5	19.735	1.397,8	41.990	14.143,8	39.267



C. Innflutt magn, hlutfallstölur, 1951=100

<u>Ár</u>	<u>Jan. - des.</u>			<u>Jan. - október</u>		
	<u>Sement</u>	<u>Timbur</u>	<u>Járn og stál</u>	Sement	Timbur	Járn og stál
1949	135.8	108.0	147.7	...	...	...
1950	112.9	64.9	108.9	...	...	...
1951	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0
1952	139.5	87.5	123.4	117.0	86.7	98.9
1953	167.2	137.5	203.7	179.9	136.5	151.5
1954	193.8	156.6	241.2	204.3	168.8	205.5
1955	...	...	...	220.7	146.1	200.1

Aths. Tölurnar fyrir janúar-október eru ekki vel samberilegar innbyrðis, vegna þess að tollafgreiðsla vara kann að dragast sum árin en ekki önnur, og auk þess er það mikið undir tilviljun komið, hvernær á árinu sements- og timburfarmar koma. Í ár gætir líka áhrifa verkfallsins síðastliðið vor.



Tollar á kaffi og sykri

Frá og með 22. des. 1952 voru felldir niður allir tollar af sykri og kaffi og hefður haldizt svo síðan. Tollar voru ekki aðeins felldir niður á strásykri og molasykri, heldur einnig á sallasykri, púðursykri, kandís, toppasykri (hinn síðast nefndi kemur ekki lengur fyrir í innflutningi).

Fyrir 22. des. 1952 var tollur á þessum vörum sem hér segir:

Sykur. Samkvæmt tollskrá var (og er) vörumagnstollur 20 au. á kg. og verðtollur 10% af cif-verði, en tollar voru samkv. heimild í sérstöku lagaákvæði, ekki innheimtir nema að helmingi, og auk þess var ekki innheimtur verðtollur af flutningsgjaldi á sykri. Sykur var og undanþeginn 250% álagi á vörumagnstoll og 45% álagi á verðtoll. Ákvæðin voru hin sömu fyrir alla sykurtegundirnar sex, sem taldar eru hér fyrir ofan.

Kaffi. Tollur samkvæmt tollskrá, 80 au. á kg. af óbrenndu kaffi, en 100 au. af brenndu og möluðu, svo og 10% verðtollur, var innheimtur að fullu áður en hann var felldur niður frá 22. des. 1952, en hins vegar var kaffi undanþegið 250% álagi á vörumagnstoll og 45% á verðtoll.

Hér fer á eftir áætlun um það, hverjar yrðu tekjur ríkissjóðs, ef tollar yrðu aftur lagðir á sykri og kaffi, svo og um áhrif þess á framfærsluvísitöluna.

Sykur

Miðað er við innflutt magn 1954, þó ekki hvað snertir molasykur, sem óeðlilega lítið var flutt inn af 1954. Er þar reiknað með 1500 tonnum, í stað 863 tonna, sem flutt voru inn 1954. Aðrar sykurtegundir eru hins vegar taldar með því magni, sem flutt var inn 1954.

Miðað er við cif-verð kr. 2.23 á kg. strásykurs og kr. 2.72 á kg. molasykurs. Er það áætlað verð á sykri, sem væntanlegur er til landsins á næstunni. Fyrir aðrar sykurtegundir er reiknað með meðalverði þeirra cif, samkvæmt verzlunarskýrslum 1954.

I. Tollar án álags:

		<u>Kr.</u>
Strásykur	Vörum.t.: 5.800.000 kg. x 0.20	1.160.000
	Verðt.: 10% af 12.934.000	1.293.400
Molasykur	Vörum.t.: 1.500.000 kg. x 0.20	300.000
	Verðt.: 10% af 4.080.000	408.000
Sallasykur	Vörum.t.: 336.000 kg. x 0.20	67.200
	Verðt.: 10% af 763.000	76.300
Púðursykur	Vörum.t.: 95.000 kg. x 0.20	19.000
	Verðt.: 10% af 214.000	21.400
Kandís	Vörum.t.: 83.000 kg. x 0.20	16.600
	Verðt.: 10% af 265.000	26.500
Alls		3.388,400



<u>II. Tollar með nógildandi álagi á vörum almennt:</u>		<u>Kr.</u>
Vörumagnstollur:	1.562.800 x 350	5.469.800
Verðtollur:	<u>1.825.600 x 145</u>	<u>2.647.100</u>
Alls	3.388.400	<u>8.116.900</u>

<u>III. Tollar með 336% álagi á vörumagnstoll og 45% álagi á verðtoll:</u>		<u>Kr.</u>
Vörumagnstollur:	1.562.800 x 446	6.970.000
Verðtollur:	<u>1.825.600 x 145</u>	<u>2.647.100</u>
Alls	3.388.400	<u>9.617.100</u>

Kaffi

Miðað er við innflutt magn 1954, 1100 tonn af óbrenndu kaffi, og við kr. 16.15 á kg. cif., sem er verð á kaffi væntanlegu á næstunni.

<u>I. Tollar án álags:</u>		<u>Kr.</u>
Vörumagnstollur:	1.100.000 kg. x 0.80	880.000
Verðtollur:	10% af 17.765.000	<u>1.776.500</u>
Alls		<u>2.656.500</u>

<u>II. Tollar með nógildandi álagi:</u>		<u>Kr.</u>
Vörumagnstollur:	880.000 x 350	3.080.000
Verðtollur:	<u>1.776.500 x 145</u>	<u>2.575.900</u>
Alls	2.656.500	<u>5.655.900</u>

<u>III. Tollar með 336% álagi á vörumagnstoll og 45% álagi á verðtoll:</u>		<u>Kr.</u>
Vörumagnstollur:	880.000 x 436	3.836.800
Verðtollur:	<u>1.776.500 x 145</u>	<u>2.575.900</u>
Alls	2.656.500	<u>6.412.700</u>

Tollar á sykri og kaffi samtals

- I. Án álags: Sykur 3.388.400, kaffi 2.656.500, alls 6.044.900 kr.
- II. Með nógildandi álagi: Sykur 8.116.900, kaffi 5.655.900 alls 13.772.800 kr.
- III. Með 336% og 45% álagi: Sykur 9.617.100, kaffi 6.412.700 alls 16.029.800 kr.



Álag það á vörumagnstoll, sem reiknað er með í tilfelli III (336%), er það, sem fæst, ef vörumagnstollurinn í heild er hækkaður í hlutfalli við hækkun framfærsluvísitölnnar frá árinu 1951 til ársins 1956, en meðalframfærsluvísitala þess er hér áætluð 175. Miðað er hér við árið 1951, vegna þess að frá byrjun þess var álagið á vörumagnstoll hækkað ur 200% í 250%, sem það hefir haldizt í síðan.

### Áhrif á framfærsluvísitölna

Útgjöld ríkissjóðs til þeirrar "niðurgreiðslu", sem fólgin er í því, að tollar hafa ekki verið innheimtir af sykri og kaffi, nema sem hér segir, miðað við vísitölustig:

Sykurtollar	8.7 millj. kr.
Kaffitollar	9.2 - "

Þetta eru miklu hærri útgjöld á vísitölustig heldur en fyrir aðrar niðurgreiddar vörur, enþau eru hæst fyrir smjör, 6.5 millj. kr. á vísitölustig, og næsthæst fyrir mjólk, 5.9 millj. kr.

Hækkun sú á framfærsluvísitölnni, er leiða mundi af því, að tollar yrðu aftur lagðir á sykur og kaffi:

	<u>Tilf.</u> <u>I</u>	<u>Tilf.</u> <u>II</u>	<u>Tilf.</u> <u>II</u>
Sykurtollar	0.43	1.02	1.19
Kaffitollar	<u>0.27</u>	<u>0.58</u>	<u>0.66</u>
Alls	0.67	1.60	1.85



Greinargerð

með tillögum um hækkun benzíntolls og bifreiðaskatts

Vörumagnstollur af benzíni

Vörumagnstollur af benzíni hefur haldizt óbreyttur, 20 au. á kg., síðan í ársbyrjun 1949. Sé hann hækkaður í samræmi við hækkun framfærsluvisitölnunnar frá 1949 til 1956 (meðalvisitala 1956 áætluð 175), verður hann 40.5 au. á kg.

Hið sérstaka innflutningsgjald af benzíni hefur haldizt óbreytt, 31 eyrir á lítra, síðan um vorið 1949. Sé gjaldið hækkað í samræmi við hækkun framfærsluvisitölnunnar frá 1949 til 1956, verður það 62.7 au. á lítra, eða 31.7 au. herra en það er nú. Samsvarar þetta 42.3 au. hækkun miðað við kg. af benzíni (eðlisþyngd benzíns reiknast 0.75).

Samanlögð hækkun beggja gjalda til samræmis við hækkun vísitölnunnar síðan 1949 er þannig 62.8 au. (20.5+42.3 au.) á kg., en eins og nú er nema þau samtals 61.3 au. á kg. (vörumagnstollur 20 au. + innflutningsgjald 41.3 au., þ.e. 31 eyrir deilt með 0.75). Er því her um að ræða rétt rúmlega 100% hækkun þessara gjalda. Hæpið er að hækka þetta svona mikið í einu stökki og leggur nefndin því til, að hækkunin verði 40 au. á kg. Nefndin leggur til, að öll hækkunin komi á vörumagnstollinn, og að innflutningsgjaldið haldizt óbreytt.

Benzíninnflutningur næsta árs er áætlaður 38.000 tonn. Samkv. því ætti umrædd hækkun vörumagnstollsins að færa ríkissjóði 15.200.000 kr. í auknar tekjur.

Þungaskattur af bifreiðum

Bifreiðaskatturinn til ríkissjóðs, þ.e. árlegur skattur af bifreiðum ásamt gúmmígjaldi kr. 3.00 á hvert kg. innfluttra hjólbarða og gúmmíslanga, nam 4.344.000 kr. samkv. ríkisreikningi 1954. Upphæðin sundurliðast þannig:

Þungaskattur	2.633.000	kr.
Gúmmígjald	1.711.000	"
Alls	4.344.000	"

Í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir 1956 er þessi tekjuliður áætlaður 5.5 millj. kr. Hækkun hans frá 1954 stafar af fjölgun bifreiða og af aukinni hjólbarðanotkun af þeim sökum.

Vörubifreiðir með benzínhreyfli eru undanþegnar þungaskatti, þar á meðal sendiferðabifreiðir. Hins vegar ber að greiða skatt af sendiferðabifreiðum, sem breytt hefur verið þannig, að nota má þær til fólksflutninga, en í reynd sleppa margar þeirra undan skatti, vegna þess að eigendurnir taka farþegasætin úr þeim, þegar þeir fara með



þær í hina árlegu skoðun. Erfitt er að ráða bót á þessu misferli, meðan sendiferðabifreiðir eru undanþegnar þunga- skatti. Hins vegar verður ekki séð, að nokkur nauðsyn sé á því að undanþiggja sendiferðabifreiðir þungaskatti. Fjölda- margar sendiferðabifreiðir eru eingöngu notaðar til fólks- flutninga, og þær, sem eru í vöruflytningum, munu langflestar vera notaðar meira eða minna til fólksflutninga jafnframt. Nefndin leggur af þessum ástæðum til, að sami þungaskattur verði á sendiferðabifreiðum og er á öðrum bifreiðum.

Komið hefur í ljós, að eitthvað kveður að því, að eig- endur svonefndra "stationsbifreiða", sem allar eru gjald- skyldar, komist hjá því að greiða bifreiðaskatt. Aðferðin er su sama og eigendur sendiferðabifreiða viðhafa: farþegasætin eru tekin úr bifreiðinni, áður en hun fer í árlega skoðun, og hlutaðeigandi heldur því fram við skoðunaraðilann, að hun sé aðallega notuð til vöruflytninga. Ef sendiferðabifreiðir eru gerðar gjaldskyldar eftir sömu reglum og fólksbifreiðir, þá geta eigendur "stationbifreiða" ekki lengur komist hjá greiðslu þungaskatts.

Eigendur jeppabifreiða, sem notaðar eru að mestu eða öllu leyti við framleiðslu eða jarðyrkjjustörf, eiga rétt á endur- greiðslu þungaskattsins. Með því að jeppabifreiðir eru að yrulegu leyti notaðar til fólksflutninga, telur nefndin óeðlilegt, að þeir séu undanþegnir þungaskatti, og leggur því til, að undanþagan sé felld niður.

Í árslok 1954 var bifreiðakostur landsmanna sem hér segir:

Fólksbifreiðir	7.195
Almenningsbifreiðir	313
Vörubifreiðir (þar með sendiferðabifreiðir og eitthvað af "stations- bifreiðum")	4.685
Alls	12.193

Frá síðastliðnu hausti og til 1. nóv. 1955 hafa verið veitt leyfi fyrir bifreiðum sem hér segir: Fólksbifreiðir 1818, almenningsbifreiðir 31, sendiferða- og "station- bifreiðir" 964, vörubifreiðir 527 og jeppar 339, sam- tals 3699. Gera má ráð fyrir, að fæstar þessara bifreiða hafi verið komnar á skrá í árslok 1954 og má því telja, að aukningin á þessu ári nemi um 3600 bifreiðum. Samkvæmt því, og miðað við það, að ofangreindar tillögur nefndar- innar nái fram að ganga, má áætla teljur ríkissjóðs 1956 að nuverandi þungaskatti óbreyttum, sem hér segir:

Tekjur af þungaskatti 1954	2.633 þús. kr.
Viðbót vegna bifreiða, sem bættust við 1954, áætlað	200 " "
Viðbót vegna fólksbifreiða, sem bættust við 1955, áætlað	720 " "
Skattur af 1800 jeppabifreiðum, sem nú eru skattfrjálsar	648 " "



Skattur af 964 sendiferða- og "stationbifreiðum" innfluttum 1955	386 þús. kr.
Skattur af sendiferða- og "stationbifreiðum" fluttum inn fyrir 1955, sem skattur hefur ekki verið greiddur af ranglega, ágizkun	500 " "
	<hr/>
Alls	5.087 þús. kr.

Hér er um að ræða mjög lauslegar áætlanir, en áreiðanlegar geta þær ekki orðið, nema mikil vinna sé lögð í þær. Er varla ástæða til slíks.

Nefndin telur eftir atvikum eðlilegt að hækka pungaskattinn, - þ.á.m. skattinn á hraóliubifreiðum - um 150%. Gerir hún það með hliðsjón af því, að framfærsluvísitalan hefur tvöfaldast síðan 1949, er nugildandi pungaskattstaxtar voru ákveðnir, og jafnframt bendir nefndin á það, að pungaskattur á bifreiðum hefur um langt skeið verið óeðlilega lágur, miðað við annað verðlag og greiðslugetu þeirra, sem hér eiga hlut að máli. E.t.v. er ástæða til að láta hækkunina ekki taka til almenningsbifreiða, eða hafa hana minni á þeim.

Með 150% hækkun á fyrrgreindri niðurstöðutölu, 5.087.000 kr., verða áætlaðar tekjur ríkissjóðs af pungaskattinum 1956 alls 12.718.000 kr.

#### Gúmmígjald

Hið sérstaka innflutningsgjald á hjólbörðum og slöngum hefur haldist óbreytt síðan 1949, kr. 3.00 á kg. Nefndin telur eftir atvikum eðlilegt, að gjaldið sé hækkað í samræmi við hækkun verðlags síðan 1949 samkv. framfærsluvísitölu, þ.e.a.s. hækkað úr 3 kr. í 6 kr. á kg.

Árið 1954 voru flutt inn 514 tonn af hjólbörðum og slöngum, auk þess magns, sem fylgt hefur bifreiðum fluttum inn þetta ár, sem telja má að hafi verið um 70 tonn. Alls hafa þá verið flutt inn 584 tonn árið 1954. Ekki virðist fjarri lagi að gera ráð fyrir 15-20% meiri innflutningi 1956 en 1954. Miðað við 685 tonna innflutningsmagn 1956 ættu tekjur ríkissjóðs af gúmmígjaldinu það ár að nema samtals 4.110.000 kr.

#### Umframtekjur vegna hækkunar bifreiðaskatts og benzíntolls

Samkvæmt ofangreindu áætla nefndin tekjur ríkissjóðs af pungaskatti af bifreiðum 12.718.000 kr. árið 1956, og tekjur af gúmmígjaldi 4.110.000 kr. Samtals eru þetta 16.828.000 kr., en í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar 1956 er gert ráð fyrir því, að bifreiðaskattur færi ríkis- 5.5 millj. kr. tekjur. eru því umframtekjur á þessum tekjulíð samkv. tillögum nefndarinnar 11.328.000 kr. Auknar tekjur af innflutningsgjaldi af benzíni eru 15.2 millj. kr. samkv. tillögum nefndarinnar, og er því hér samtals um að ræða 26.548.000 kr. tekjuauka til ríkissjóðs.



GREINARGERÐ

fyrir nauðsyn bindingar kaupgjaldsvísitölu

Við teljum óhjákvæmilegt, ef stöðva á verðbólguþróun þá, er gætt hefur undanfarna mánuði, að stöðvuð sé su vixlhækkun kaupgjalds og verðlags, er leiðir af vísitölufyrirkomulaginu í kaupgjaldsmálum. Í sérstöku fylgiskjali er gerð ætluð um það, hversu mikillar vísitöluhækkunar megi vænta næstu mánuði bæði vegna tillagna okkar, ef framkvæmdar yrðu, og af öðrum astæðum. Ef ekki verður unnt að festa kaupgjaldsvísitöluna, er óhjákvæmileg hækkun á alögum þeim, er við teljum nauðsynlegar vegna afkomu ríkissjóðs og útvegsins, en synt er, slíkt myndi hið mesta neyðarurðæði. Festing kaupgjaldsvísitölnnar myndi og auka trú á verðgildi peninganna og draga úr þeirri spákaupmennsku, er nu á sér stað vegna verðbólguóttans.

Sú skoðun kann að koma fram, að aðrar leiðir séu færar til þess að stöðva þá þróun, er hér er um að ræða, en su að festa kaupgjaldsvísitöluna, hvort sem slíkt yrði gert með samkomulagi við launþegasamtökin eða löggjöf.

Hugsanlegar leiðir í því efni væru þær að auka niðurgreiðslur úr ríkissjóði eða beita verðlagsákvæðum til þess að koma í veg fyrir frekari hækkun vísitölnnar.

Hvorug leiðin myndi þó heppileg frá hagsmunasjónarmiði þess fólks, er vísitöluuppþótanna á að njóta. Auknar niðurgreiðslur gætu ekki átt sér stað nema stofnað væri til stórfelldra nýrra skattaálagna, og þarf það varla nánari skýringar við, að tekið væri þá með annarri hendinni það, sem gefið væri með hinni.

Ef fara ætti hina leiðina að halda hækkun vísitölnnar í skefjum með verðlagsákvæðum, væri sa hængur á því, að þar sem verðlagi á vöru þeirri og þjónustu, er mesta þyðingu hafa í vísitölugrundvellingum, hefur einmitt mjög verið haldið í skefjum með margvíslegum ráðstöfunum, er hætt við því, að slíkar aðgerðir yrðu ekki framkvæmanlegar með neinum árangri, ef ekki ætti beinlínis að skapast hætta á því, að vörutegundir þær, sem um væri að ræða, hyrfu af markaðinum, og yrði almenningur litlu bättari með slíku. Við lítum því svo á, að heppilegasta leiðin í þessu efni frá hagsmunasjónarmiði launþeganna sé sú, að kaupgjaldsvísitalan verði fyrst um sinn fest, en góð von er til þess, að su kjararyrnun, er af því kann að leiða í bili, geti orðið bätt upp með ráðstöfunum þeim, er við leggjum til að gerðar verið, til þess að lækka verð á vöru og þjónustu í þeim atvinnugreinum, er njóta séraðstöðu.



Áætlanir um rekstrarafkomu

60 smálesta vélbáts

Áætlun (A)

um rekstrarafkomu 60 smálesta vélbáts á línuveiðum við sunnanverðan Faxaflóa, miðað við fiskverð kr. 1,22 fyrir þorsk, slægt og með haus.

Höfuðstóll, við ákvörðun liðsins "vextir af höfuðstóli". 500.000 kr.

Sundurliðun höfuðstóls:

2 1/2% lán úr stofnlánadeild, upphaflega	153.000 kr.
335.000 kr., nú komið niður í	347.000 "
Höfuðstóll annar	600.000 "
Kostnaðarverð báts við ákvörðun liðsins "Fyrning"	720.000 "
Vátryggingarupphæð báts, sama og í áætlun LÍÚ.	

Fyrir vertíð fær báturinn 110.000 kr. rekstrarlán, með 5% vöxtum, sem telst standa 6 mánuði.

Miðað er við vísitölu 171.

Reiknað er með því, að báturinn fari í 77 róðra. Fiskmagn úr róðri 7,27 tonn af þorski, slægt og hauseað. Skipt er í 24 staði, og fá skipverjar 13 5/6 hluti, en útgerðin 10 1/6.

(Tölusetning liða er hin sama og í áætlun LÍÚ).

Tekjur:

1. 560 tonn fiskur á 1/22	Kr. 683.200
2. 36.182 ltr. lifur á 1/30	" 47.037
3. 14.392 " hrogn á 1/80	" 25.906 Kr. 756.143

Gjöld:

<u>Dregið frá óskiptu</u>	
4. Olía, 514 ltr. x 77 x kr. 0,79	31.267
Smurólía, 23 kg. x 77 x kr. 4,30	7.615 Kr. 38.882
5. Beita, 550 kg. x 77 x 2,30	" 97.405
6. Bjóðageymsla	" 2.000
7. Viðlegugjald	" 6.500
8. Rafmagn, ljós og hiti Hafnargjöld	" 1.320
9. Akstur á afla og bjóðum	" 2.500
10. Aðkeypt vinna	" 26.352
Aukapoknun til 2. vélst.	" 4.000
300 x 4,3 x 1,71 x 1,06	" 2.338
Greitt vegna sjóklæða	" 4.745 Kr. 186.042
	<hr/>
	Kr. 570.101



11. Til skipta:

13 5/6 hlutir til skipverja á 23.754 kr.	Kr. 328.597
10 1/6 hlutir til útgerðar á sama	Kr. 241.504

12. Veiðarfæri	Kr. 64.004
13. Man.kaup skipstj. og stýrim. ásamt orlofi	" 4.677
14. (Hafnargjöld, í 8. lið)	"
15. Vátrygging báts	" 18.000
16. Viðhald á báti og vél	" 58.435
17. Opinber gjöld og læknishjálp	" 3.382
18. Fyrning	" 28.000
19. Slysátrygg.gj. og sjúkrasaml.gj.	" 6.598
20. 5% vextir af 110.000 kr. rekstrar- láni í 6 man. ásamt kostnaði	" 3.300
21. Vextir af höfuðstól	" 12.323
22. Skrifstofukostnaður	" 10.985
23. Ýmis kostnaður	" 10.000
24. Orlof, 3% af 328.597 kr.	" 9.857 Kr. 229.564

Rekstrarafgangur

Kr. 11.940

Áætlun (B)

um rekstrarafkomu 60 smálesta vélbáts á línuveiðum við sunnanverðan Faxaflóa, miðað við það, að aflahlutur yfir vertíðina sé 20.254 kr., svarandi til lágmarkskaups Dagsbrúnar án yfirvinnu að viðbættum 10 %.

Höfuðstóll, við ákvörðun liðsins "vextir af höfuðstól". 500.000 kr.

Sundurliðun höfuðstóls:

2 1/2 % lán úr stofnlánadeild, upp-  
haflega 335.000 kr., 153.000 kr.  
nú komið niður í 347.000 "

Höfuðstóll annar

Kostnaðarverð báts, við ákvörðun liðsins "fyrning" 600.000 "

Vátryggingarupphæð báts, sama og í áætlun Líú 720.000 "

Fyrir vertíð fær báturinn 110.000 kr. rekstrarlán, með  
5 % vöxtum, sem telst standa 6 manúði.

Miðað er við vísitölu 171.

Reiknað er með því, að báturinn fari í 77 róðra. Fiskmagn  
úr róðri 7.27 tonn af þorski, slægt og hausað.  
Skipt er í 24 staði, og fá skipverjar 13 5/6 hluti, en  
utgerðin 10 1/6.



Tekjur:

1. 560 tonn fiskur á 1/07	Kr. 599.200
2. 36.182 ltr. lifur á 1/30	" 47.037
3. 14.392 " hrogn á 1/80	" 25.906
	<u>Kr. 672.143</u>

Gjöld:

Dregið frá óskiptu

4. Olía, 514 ltr. x 77	31.267	
x kr. 0,79		
Smurólía, 23 kg. x 77	<u>7.615</u>	Kr. 38.882
x kr. 4,30		
5. Beita, 550 kg. x 77	"	97.405
x 2,30	"	2.000
6. Bjóðageymsla	"	6.500
7. Viðlegugjald	"	1.320
8. Rafmagn, ljós og hiti	"	2.500
Hafnargjöld	"	26.352
9. Akstur á afla og bjóðum	"	4.000
10. Aðkeypt vinna		
Aukabókun til 2 vélstj.	"	2.338
300 x 4,3 x 1,71 x 1,06	"	4.745
Greitt vegna sjóklæða		<u>Kr. 186.042</u>
		Kr. 486.101

11. Til skipta:

13 5/6 hlutir til skipverja	<u>Kr. 280.180</u>
á 20.254 kr.	
10 1/6 hlutir til útgerðar á sama	Kr. 205.921

12. Veiðarfæri	Kr. 64.004
13. Mán.kaup skipstj. og stýrim.	" 4.677
ásamt orlofi	
14. (Hafnargjöld, í 8. lið)	" 18.000
15. Vátrygging báts	" 58.435
16. Viðhald á báti og vél	" 3.382
17. Opinber gjöld og læknishjálp	" 28.000
18. Fyrning	" 6.598
19. Slysatriegg.gj. og sjúkrasaml.gj."	
20. 5% vextir af 110.000 kr.	" 3.300
rekstrarláni í 6 man. ásamt	" 12.323
kostnaði	" 10.985
21. Vextir af höfuðstól	" 10.000
22. Skrifstofukostnaður	" 8.405
23. Ýmis kostnaður	<u>Kr. 228.109</u>
24. Orlof, 3 % af 280.180 kr.	
	22.188

Rekstrarhalli útgerðar

Áætlun (C).

um rekstrarafkomu 60 smálesta vélbáts á línuveiðum við sunnanverðan Faxaflóa, miðað við það, að aflahlutur yfir vertíðina sé 22.354 kr., svarandi til vikukaups fagmanns an yfirvinnu.

Höfuðstóll, við ákvörðun liðsins "vextir af 500.000 kr.  
höfuðstóli"



Sundurliðun höfuðstóls:

2 1/2 % lán úr stofnlánsdeild, upphaflega 335.000 kr.,  
nú komið niður í Höfuðstóll annar 153.000 kr.  
347.000 "

Kostnaðarverð báts, við ákvörðun liðsins "fyrning" 600.000 "

Vátryggingarupphæð báts, sama og í áætlun Líú 720.000 "

Fyrir vertið fær báturinn 110.000 kr. rekstrarlán með 5 % vöxtum, sem telst standa 6 mánuði.

Miðað er við vísitölu 171.

Reiknað er með því, að báturinn fari í 77 róðra. Fiskmagn úr róðri 7.27 tonn af þorski, slægt og hausað.

Skipt er í 24 staði, og fá skipverjar 13 5/6 hluti, en útgerðin 10 1/6.

Tekjur:

1. 560 tonn fiskur á 1/16	Kr. 649.600	
2. 36.182 ltr. lifur á 1/30	" 47.037	
3. 14.392 " hrogn á 1/80	" 25.906	Kr. 722.543

Gjöld:

Dregið frá óskiptu

4. Olía, 514 ltr. x 77	31.267	
x kr. 0,79		
Smurólía, 23 kg. x 77	7.615	Kr. 38.882
x kr. 4,30		
5. Beita, 550 kg. x 77	"	97.405
x kr. 2,30		2.000
6. Bjóðageymsla	"	6.500
7. Viðlegugjald	"	1.320
8. Rafmagn, ljós og hiti	"	2.500
Hafnargjöld	"	26.352
9. Akstur á afla og bjóðum	"	4.000
10. Aðkeypt vinna		
Aukaþoknun til 2. vélstj.	"	2.338
300 x 4,3 x 1,71 x 1,06	"	4.745
Greitt vegna sjóklæða		Kr. 186.042
		Kr. 536.501

11. Til skipta:

13 5/6 hlutir til skipverja á 22.354 kr.		Kr. 309.230
10 1/6 hlutir til útgerðar á sama		Kr. 227.271
12. Veiðarfæri	Kr. 64.004	
13. Mán.kaup skipstj. og stýrim. ásamt orlofi	" 4.677	
14. (Hafnargjöld, í 8. lið)	" 18.000	
15. Vátrygging báts	" 58.435	
16. Viðhald á báti og vél	" 3.382	
17. Opinber gjöld og læknishjálp	" 28.000	
18. Fyrning	" 6.598	
19. Slysátrygg.gj. og sjúkrasaml.gj.	"	
20. 5% vextir af 110.000 kr. rekstrarláni í 6 mán. ásamt kostnaði	" 3.300	
	" 12.323	
21. Vextir af höfuðstól	" 10.985	
22. Skrifstofukostnaður	" 10.000	
23. Ýmis kostnaður	" 9.269	Kr. 228.973
24. Orlof, 3 % af 309.230 kr.		1.702

Rekstrarhalli útgerðar



Áætlun (D)

um rekstrarafkomu 60 smálesta vélbáts á línuveiðum við sunnanverðan Faxaflóa, miðað við það, að aflahlutur yfir vertíðina sé 25.621 kr., svaraði til vikutekna verkamanns á lágmarksskaupi Dagsbrúnar á Keflavíkurflogvelli, eins og þær voru með yfirvinnu í októbermánuði 1955.

Höfuðstóll, við ákvörðun liðsins "vextir af höfuðstól". 500.000 kr.

Sundurliðun höfuðstóls:

2 1/2 % lán úr stofnlánadeild, upphaflega 335.000 kr., nu komið niður í Höfuðstóll annar 153.000 kr.  
347.000 "

Kostnaðarverð báts, við ákvörðun liðsins "fyrning" 600.000 "

Vátryggingarupphæð báts, sama og í áætlun Líú 720.000 "

Fyrir vertíð fær báturinn 110.000 kr. rekstrarlán með 5 % vöxtum, sem telst standa 6 mánuði.

Miðað er við vísitölu 171.

Reiknað er með því, að báturinn fari í 77 róðra. Fiskmagn úr róðri 7,27 tonn af þorski, slægt og hausað. Skipt er í 24 staði, og fá skipverjar 13 5/6 hluti en utgerðin 10 1/6.

Tekjur:

1. 560 tonn fiskur á 1/30	Kr. 728.000	
2. 36.182 ltr. lifur á 1/30	" 47.037	
3. 14.392 " hrogn á 1/80	" 25.906	Kr. 800.943

Gjöld:

Dregið frá óskiptu

4. Olía, 514 ltr. x 77	31.267	
x kr. 0,79		
Smurólía, 23 kg. x 77	7.615	Kr. 38.882 x
x kr. 4,30		
5. Beita, 550 kg. x 77		" 97.405 ✓
x 2,30		" 2.000 ✓
6. Bjóðageymsla		" 6.500 ✓
7. Viðlegugjald		" 1.320 ✓
8. Rafmagn, ljós og hiti		" 2.500 ✓
Hafnargjöld		" 26.352 ✓
9. Akstur á afla og bjóðum		" 4.000 ✓
10. Aðkeypt vinna		" 2.338 ✓
Aukapöknun til 2. vélstj.		" 4.745
300 x 4,3 x 1,71 x 1,06		Kr. 186.042
Greitt vegna sjóklæða		
		Kr. 614.901



11. Til skipta:

13 5/6 hlutir til skipverja  
á 25.621 kr. Kr. 354.424

10 1/6 hlutir til útgerðar á sama Kr. 260.477

12. Veiðarfæri	Kr. 64.004 ✓
13. Mán.kaup skipstj. og stýrim. ásamt orlofi	" 4.677 ✓
14. (Hafnargjöld, í 8. lið)	" -
15. Vátrygging báts	" 18.000 ✓
16. Viðhald á báti og vél	" 58.435 ✓
17. Opinber gjöld og læknishjálp	" 3.382 ✓
18. Fyrning	" 28.000 ✓
19. Slysátrygg.gj. og sjúkrasaml.gj.	" 6.598 ✓
20. 5% vextir af 110.000 kr. rekstrar- láni í 6 man. ásamt kostnaði	" 3.300 ✓
21. Vextir af höfuðstól	" 12.323 ✓
22. Skrifstofukostnaður	" 10.985 ✓
23. Ýmis kostnaður	" 10.000 ✓
24. Orlof, 3% af 354.424 kr.	" 10.633 <span style="float: right;">Kr. 230.337</span>

Rekstrarafgangur útgerðar Kr. 30.140

Skýringar

við áætlanir A, B, C og D, einkum við þá liði, þar sem vikið er frá því, sem er í áætlun LIÚ.

Áætlanir nefndarinnar eru miðaðar við sjómannasamning Keflavíkur. Er eðlilegra að miða við eina verstöð hvað þetta snertir, og þá við stærstu og þýðingarmestu verstöðina, en að miða almennt við verstöðvar við Faxaflóa, eins og gert er í áætlun LIÚ. Getur það leitt til misræmis, enda þarf í rauninni að gefa hinum einstöku verstöðvum akveðnar vigtir, ef gera á áætlun fyrir allar verstöðvar við Faxaflóa í heild.

Sé því haldið fram, að áætlun, sem t.d. er miðuð við Keflavík eina, gefi ekki rétta mynd af heildarástandi útvegsins við Faxaflóa, þá er rétt að gera sérstakar áætlunir fyrir aðra staði, er síðan mætti fella í eina heild eftir umfangi útgerðar á hverjum stað. En ástæðulaust er að gera þetta, nema synt sé fram á það, að sa staður, sem áætlun hefur verið gerð fyrir, sé ekki nothæfur samnefnari fyrir verstöðvar við Faxaflóa í heild.

Rétt er að það komi fram í þessu sambandi, að af 39 bátum, sem gerðir voru út frá Reykjavík og Hafnarfirði á síðustu vertíð, voru aðeins 10 bátar á stærðarbilinu 50-70 lestir. Hins vegar voru ekki færri en 25 af 46 bátum gerðum út frá Keflavík á vertíð 1955 í þessum stærðarflokki. Stýður þetta mjög þá skoðun, að miða beri áætlunina við Keflavík, að því er snertir sjómanna kjör, en ekki við Reykjavík og Hafnarfjörð.

Fiskverð (nr. 1), vertíðarhlutur (nr. 11) og afkoma.

Í áætlun A er gengið út frá því verði, sem gilt hefur við ákvörðun á vertíðarhlut sjómanna undanfarin ár. Samkvæmt því, og að öðru leyti miðað við núverandi aðstæður (þ.á.m. vísitölu 171), verður sjómannshluturinn 23.754 kr.



og tekjufgangur útgerðar 11.940 kr. Miðað við það, að sjómáður sé bundinn 21 viku vegna vertíðarinnar (ráðningartíminn 19 vikur og 2 vikur til ferðalaga og annars umstangs) er vikukaup hans 1131 kr., auk 3 % orlofs, samtals 1165 kr. Samsvarar það vikukaupi verkamanns á lágmarkskaupi Dagsbrúnar með 10 eftirvinnutímum ásamt orlofi. Þessi hlutur er enn fremur jafn vikukaupi sveins á algengu fagmannskaupi með 2 yfirvinnutíma á viku ásamt orlofi.

Í hinum áætlunum nefndarinnar (B, C, og D) er gengið út frá tilteknum aflahlutum og reiknað út, hvað fiskverðið þurfi að vera til þess, að skipverjar beri þá úr bytum.

Í áætlunum er miðað við það, að vertíðin standi tæpar 19 vikur, en hins vegar er sjómönnum reiknað kaup í 21 viku (:126 virkir dagar), eins og áður segir. Áætlanir með hagfræðingaálitinu 1946 og áætlanir gerðar á vegum ríkisstjórnarinnar haustið 1947 voru byggðar á sama grundvelli hvað þetta snertir.

Reiknað er með 3 mismunandi aflahlutum í áætlunum B, C og D:

- B. Aflahlut miðað við almermt Dagsbrúnarkaup með veikindapeningum en án yfirvinnu, að viðbættum 10%, þ.e. kr. 842.88 + 3% orlof + 10%, samtals kr. 954.71 á viku.
- C. Aflahlut miðað við algengasta fagvinnukaup án tillags til sjúkrasjóðs og án yfirvinnu: kr. 1032.48 á viku + 3% orlof, alls kr. 1063.45 á viku.
- D. Aflahlut miðað við meðalvikutekjur verkamanns á lágmarkstaxta hjá Sameinuðum verktökum á Keflavíkurflugvelli í október 1955, samtals kr. 1135.19 að viðbættum 3% orlofi og mismun vísitölu 171 og 164. Verður þetta samtals kr. 1221.00 á viku. Tekið var meðaltal kaups 15 aðkomumanna og 15 manna búsettra syðra og reyndust meðaltekjur hvors hópsins mjög svipaðar og meðaltal beggja eins og að ofan greinir. - Verkamenn á Keflavíkurflugvelli greiða aðeins efnið í fæðið og hefur það undanfarið kostað þá 24 kr. á fæðisdag, sem er mjög lágt verð. Til mála kemur að taka tillit til þessa við ákvörðun tekjuupphæðar, ekki sízt þar sem fæðiskostnaður hlutasjómanns mun vera um 50 kr. á dag, en það er þó ekki gert hér, vegna þess að hlutasjómenn greiða líka aðeins efnið í fæðið, og kostnaðarmunurinn stafar sennilega að miklu leyti af meira og betra fæði. Ekki er heldur tekið tillit til þess, að aðkomumenn á Keflavíkurflugvelli fá 15 kr. á viku fyrir fargjöld, hvort sem þeir nota upphæðina á tilætlaðan hátt eða ekki. - Það skal tekið fram, að tekjur verkamanna hjá Hamilton og hjá varnarliðinu munu vera hærri en tekjur verkamanna hjá Sameinuðum verktökum, en þeir hafa verið valdir hér vegna þess að þeir hafa flesta menn í vinnu og hafa auk þess verið að bæta við starfslið sitt.



Niðurstöður áætlananna eru þessar:

	A.	B.	C.	D.
	"Gildandi fiskverð"	"Dagsbrúnar-kaup + 10%"	"Fagmanns-kaup"	"Keflavíkur-flugv. tekjur"
Fiskverð	1.22	1.07	1.16	1.30
Hlutur	23.754	20.254	22.354	25.621
Tekjuafgangur utgerðar	11.940	- 22.188	- 1.702	30.140

Áætlanirnar um vertíðarhluti í tilfellum B, C og D fela ekki í sér neinn dóm um það, hvað hlutasjómenn eigi að bera ur bytum með rettu, en hins vegar eiga þær að upplýsa eitthvað um, hvaða tekjur hlutasjómenn þurfi að hafa við núverandi aðstæður á almennum vinnumarkaði, svo að menn fái stá skipin. Tilfelli D gefur til kynna, hve þar vertíðarhluturinn þurfi að vera, þegar mikil þensla er á vinnumarkaðinum, eins og nú er. Tilfelli B (Dagsbrúnarkaup + 10%) svarar hins vegar til þess ástands á vinnumarkaðinum, að atvinnuleysi sé ekki teljandi, en lítið eða ekkert sé um yfirvinnu í almennum störfum, Tilfelli C svarar til ástands, sem er einhvers staðar á milli tilfellis D og tilfellis B.

#### Róðrarfjöldi og aflamagn (nr. 1)

Í áætlun LIÚ er ekki reiknað með nema 60 róðrum á vertíðinni. Engin grein er gerð fyrir því í athugasemdunum við áætlunina, á hvaða grundvelli þessi róðratala er byggð, og er það furðulegt, þegar haft er í huga, að niðurstöður áætlunarinnar eru að miklu leyti háðar því, við hvaða róðratölu er miðað.

Nefndin hefur gert athugun á aflaskýrslum á vetrarvertíð, sem bjrtar hafa verið í tímaritinu "Egi". Samkvæmt þeim var meðalróðrarfjöldi 50-70 smálesta vélbata í Keflavík, Sandgerði og Grindavík 83 á vertíðunum 1953, 1954 og 1955. Þetta meðaltal er lægra en ella vegna þess, að vertíðin 1954 hófst nokkru síðar en venjulega sökum dráttar á ákvörðun fiskverðs. Meðalróðrafjöldi í Keflavík á vertíð árin 1953-55 var 85, en meðaltal hvers árs 1953-55 var sem hér segir: 1955:92, 1954:76, 1953:82. Meðalróðrafjöldi 1953 og 1955 í Keflavík var 87, en bæði þessi ár hófst vertíð á venjulegum tíma. Meðalróðrafjöldi á Akranesbata 1953-55 var 79, en á síðustu vertíð var hann 87. - Hér er alls staðar miðað við bata 50-70 lestir að stærð, nema árið 1953 er á Akranesi miðað við alla bata, stærri og smærri. - Batar, sem hafa hafið róðra eftir januarlok eða hætt þeim í apríl, hafa ekki verið teknir með við útreikning á róðratölu bata.

Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, telur nefndin eðlilegt að miða áætlun sína við 77 róðra á vertíð. Virðist ekki koma til greina að miða við lægri róðratölu, en á hinn bóginn þykir öruggara að hafa hana ekki hærrí, þó að reynsla undanfarandi ára á Suðurnesjum kunni að gefa tilefni til þess.

Í áætlun LIÚ er, að því er virðist, miðað við meðal-aflamagn í róðri hjá öllum bátum gerðum út við Faxafloa, en nefndin miðar hér við meðalafllamagn í róðri hjá 50-70 lesta



bátum einvörðungu, enda á áætlunin við 60 smálesta bát, en ekki við meðalstærð allra báta. Meðalaflamagn í róðri hjá 50-70 lesta bátum gerðum út frá Keflavík, Sandgerði og Grindavík á vetrarvertíð 1953-55 var 7.27 tonn, á móti 6.78 tonnum samkv. áætlun LIÚ. Þess skal getið, að meðalstærð 50-70 smálesta bátanna, sem nefndin miðar við, er 58 lestir, eða mjög nálægt þeirri bátsstærð, 60 smál., sem áætlanir eru byggðar á.

#### Lifur (nr. 2) og hrogn (nr.3)

Meðallifrarafli 50-70 tonna báta 1953-55 samkvæmt fyrr nefndri athugun nefndarinnar var 64,6 lítrar úr hverju tonni fisks, en í áætlun LIÚ er miðað við það, að 64 lítrar fáiast úr hverju fisktonni.

Nefndin miðar við hlutfallslega sama hroгнаafla og er í áætlun LIÚ, - hann er m.ö.o. hækkaður til samræmis við aukið fiskmagn samkv. áætlun nefndarinnar.

Miðað er við sama verð á lifur og hrognum og gert er í áætlun LIÚ.

#### Brennsluolía og smurolía (nr. 4)

Miðað er við sömu olíunotkun í róðri og gert er í áætlun LIÚ, en magnið er aukið í hlutfalli við hærri róðratölu. Ennfremur er tekið tillit til hækunar þeirrar á olíuverði, er nýlega var ákveðin, úr 76 au. í 79 au. á ltr.

#### Beita (nr. 5)

Reiknað er með sömu beitunotkun í róðri og í áætlun LIÚ, en magnið er aukið í hlutfalli við hærri róðratölu.

#### Bjóðageymsla (nr. 6)

Þessi liður var talinn nema 650 kr. í áætlun LIÚ haustið 1947. Sé sú upphæð hækkuð til samræmis við aukna tölu bjóða og utkomu síðan tvöfölduð vegna verðlagshækkunar síðan 1947 (Dagsbrúnarkaup hefur rúmlega tvöfaldast síðan um haustið 1947), fast 1600 kr. Í áætlun nefndarinnar er enn bætt 400 kr. við þá upphæð, og er hún þá 2000 kr., en áætlun LIÚ er með 3000 kr.

#### Viðlegugjald (nr. 7), rafmagn o.fl., hafnargjöld (nr. 8)

Nefndin miðar við áætlun LIÚ óbreytta, nema hvað hún telur hafnargjöld með sameiginlegum kostnaði, til samræmis við sjómannaþamning Keflavíkur. Í áætlun LIÚ eru hafnargjöld talin meðal útgjalda utgerðarinnar.

#### Akstur á afla og bjóðum (nr. 9)

Miðað er við áætlun LIÚ og upphæð hennar hækkuð til samræmis við aukið aflamagn samkv. áætlun nefndarinnar.



Aðkeypt vinna o.fl. (nr. 10)

Aðkeypt vinna, 7.500 kr. í áætlun LIÚ, er lækkuð í 4.000 kr. Hér mun aðallega vera um að ræða vinnu vegna veikindaforfalla og er hun mjög mismunandi og lítil en engin hjá mörgum bátum. Í áætlun haustið 1947 var ekki reiknað með neinni aðkeyptri vinnu.

Aukapóknun til 2. vélstj. er dregin frá óskiptu í samræmi við sjómannasamning Keflavíkur. Í áætlun LIÚ er þessi greiðsla tekin af hlut utgerðar. "Greitt vegna sjóklæða" er sett hér inn vegna ákvæða sjómannasamnings Keflavíkur þar að lútandi.

Hlutir skipverja og skips (nr. 11)

Í áætlun LIÚ er reiknað með því, að skipverjar fái 14 hluti og skipið 9, samkv. sjómannasamningum Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Raunar fá skipverjar  $13 \frac{5}{6}$  hlut og skipið  $9 \frac{1}{6}$  samkv. þeim samningum. Í áætlun nefndarinnar er miðað við sjómannakjör í Keflavík, en samkv. þeim er skipt í 24 staði og fá skipverjar  $13 \frac{5}{6}$  hlut og skipið  $10 \frac{1}{6}$ .

Veiðarfæri (nr. 12)

Fylgt er áætlun LIÚ og sú ein breyting/<sup>er</sup>gerð á henni, að veiðarfæranotkun miðuð við 74 róðra, sem áætlun gerð um í athugasemdum við áætlun LIÚ, er hækkuð hlutfallslega, þannig að hun samsvari 77 róðrum.

Mánaðarkaup skipstjóra og stýrimanns (nr. 13)

Mánaðarkaup 2. vélstjóra er í 10. lið, þar sem það greiðist af óskiptu samkv. sjómannasamningi Keflavíkur. Að öðru leyti er þá munur hér á, að í áætlun LIÚ er reiknað með 5 mánaða raðningartíma, en í áætlun nefndarinnar með  $4 \frac{1}{3}$  mánuði.

Vátrygging báts (nr. 15)

Nefndin fylgir áætlun LIÚ, þar sem miðað er við 720.000 kr. vátryggingarverð og 5 % iðgjald í  $1/2$  ár.

Viðhald á báti og vél (nr. 16). Opinber

gjöld og læknishjálp (nr. 17)

Áætlun LIÚ um þessa liði er tekin upp í áætlun nefndarinnar.

Fyrning (nr. 18)

Með hliðsjón af því, að af 82 landróðrabátum gerðum út frá Faxaflóahöfnum á vertíð 1955, voru 74 fluttir til landsins eða smíðaðir innanlands fyrir gengislækkun 1950, telur nefndin ekki rétt að miða fyrningu báts við hærri upphæð en 600.000 kr. Kostnaðarverð 60 tonna báts fyrir stríð var talið nema ca. 500.000 kr. og hækkar nefndin þá upphæð í 600.000 kr. vegna báta, sem bætzt hafa í flotann eftir



gengislækkun svo og vegna báta, sem eigendaskipti hafa orðið á síðan 1950. Að öllu athuguðu verður það að teljast vel í lagt að miða fyrningu við 600.000 kr. batsverð.

Í áætlun LIÚ er miðað við 12% afskriftir af bátnum og 20% af vélinni, í samræmi við ákvæði skattalaga um heimilaðar afskriftir. Þetta eru óeðlilega háar afskriftir frá almennu rekstrarsjónarmiði og nær ekki nokkurri átt að miða rekstraráætlanir við þær. Í hagfræðingaálitinu 1946 og í áætlunum haustið 1947 var reiknað með 8% afskriftum samþingulega á bát og vél og hlaut það viðurkenningu ríkisstjórnarinnar og annarra opinberra aðila, sem um þessi mál fjölluðu þá. Nefndin hefur eftir atvikum talið rétt að reikna 8% afskrift af bát og 12% af vél. Er það sama og verið hefur í áætlunum á vegum fiskimálastjóra undanfarin ár.

#### Slysatrygging og sjúkrasamlagsiðgjöld (nr. 19)

Upphæð þessara útgjalda er heldur hærri í áætlun nefndarinnar en í áætlun LIÚ, vegna þess að reiknað er með nýlegri hækkun á gjöldum. Miðað er við sjúkrasamlagsiðgjöld í Keflavík, frá s.l. sumri, sem hefur verið 30 kr. á mánuði.

#### Vextir af rekstrarláni (nr. 20)

Nefndin hefur þennan lið 550 kr. hærri en er í áætlun LIÚ, vegna þess að hun reiknar með kostnaði við þessi lán auk vaxta.

#### Vextir af höfuðstól (nr. 21)

Með hliðsjón af því, sem rakið er í skýringunum við 18. lið, og þar sem aldur meginhluta skipanna er 8-10 ár og talsvert hlytur að hafa verið afskrifað af kostnaðarverði þeirra, a.m.k. síðustu árin, telur nefndin rétt að miða vexti við 500.000 kr. höfuðstól. Jafnframt telur hun, að reikna beri stofnlánardeildarvexti, 2 1/2 % af upphæð svarandi til þess, að 20 ára lán úr stofnlánadeild, upphaflega 335.000 kr. (2/3 af 500.000), sé nú komið niður í 153.000 kr. Vextir af höfuðstól verða því:

2 1/2 % af 153.000 í 1/2 ár	1.913 kr.
6 % af 347.000 í 1/2 ár	10.410 kr.
<hr/>	
Alls 500.000	12.322 kr.

#### Skrifstofukostnaður (nr. 22)

Áætlun LIÚ er tekin óbreytt í áætlun nefndarinnar.

#### Ýmis kostnaður (nr. 23)

Þessi liður er færður úr 12.000 kr. í 10.000 kr. Þess skal getið, að hann var ekki áætlaður nema 4.225 kr. í áætlun LIÚ haustið 1947.

#### Orlof (nr. 24)

Þarfnast ekki skýringar.



ÁLAGNING

INNFLUTNINGSGJALDS

Nefndin leggur til, að lagt verði á sérstakt innflutningsgjald til að afla fjár til styrktar útflutningsframleiðslunni.

Nefndin leggur til, að haldið verði álagi á öllum vörum, sem nú eru á skilorðsbundnum frílista. Verði álagið 60% og 30% eftir því, hvort um frjálsan eða vöruskiptagjaldeyri er að ræða. Enn fremur verði gerð sú breyting, að álagið verði greitt af cif.-verði á sama hátt og tollar.

Auk þess leggur nefndin til, að lagt verði innflutningsgjald á mikinn fjölda annarra vörutegunda. Er hér um að ræða eftirtalda liði á töflunni um flokkun innflutningsins síðar í fylgiskjalinu.

	CIF (þús.kr.)
1. e	151.146
2. c	41.870
6. b	8.784
6. i	<u>234.543</u>
	436.343

Ná þessir liðir yfir flestallar fjárfestingarvörur, ýmsar vélar, neyzluvörur aðrar en brýnustu nauðsynjar, hráefni önnur en þau, sem notuð eru við útflutningsframleiðsluna eða framleiðslu brýnna nauðsynja.

Fjáröflunin í útflutningsstyrktarsjóð verður þá sem hér segir miðað við útflutningsverðmæti 1954:

	millj. kr.
Álag á þær vörur, sem nú eru á skilorðsbundnum listum (áætlað) . . . .	90,0
30% álag á 436,3 millj. kr. . . . .	131,0
Togaraskattur af bílum (áætlað) . .	<u>6,0</u>
Samtals	227,0

Þess er hér að gæta, að tillögur nefndarinnar í heild mynu hafa í för með sér samdrátt innflutnings, enda beinlínis til þess ætlað. Hins vegar telur nefndin ekki fært að áætla, hversu miklu samdrátturinn muni nema, en þó er rétt að reikna með því, að hann verði ekki minni en 10% miðað við árið 1954. Samkvæmt því væri varlegast að reikna tekjur af innflutningsgjöldunum 200-205 millj. kr. á næsta ári.



Tekjupörf útflutningssjóðs hefur nefndin áætlað sem hér segir í tillögum sínum:

Styrkur á bátaafurðir	85-90 millj. kr.
Styrkur til togaranna	20 " "
Styrkur á landbúnaðarafurðir	15 " "
Til kaupa á innflutningsréttindum	100 " "
Samtals	220-225 millj. kr.

Einhver hluti styrksins á afurðir bátafloţans árið 1956 mundi ekki koma til utbörgunar fyrr en á árinu 1957, þar sem ætíð eru einhverjar óseldar birgðir bátaafurða um áramót. Ókleift er að áætla, hve miklu þetta mundi nema, en nefndin telur ekki varlegt að lækka áætlun um tekjupörf af þessum sökum um meira en 10 millj. kr. Samkvæmt þessu má gera ráð fyrir, að enn vanti um 10 millj. kr., til að tekjurnar hrökkvi fyrir utgjöldum sjóðsins.

Leggur nefndin til, að þess fjár, sem hér á vantar, verði aflað á þann hátt, að 60% álag sé lagt á nokkrar vörutegundir í stað 30% álags, en henni hefur ekki gefizt tími til að gera tillögur um það, hverjar vörutegundir komi þar helzt til greina.

#### FLOKKUN INNFLUTNINGSINS 1954

eftir listum og gjaldhæfni vörunnar

	FOB þús.kr.	CIF þús.kr.
<u>1. Almennar frílistavörur:</u>		
a) Olíur og benzín	100.555	120.960
b) Áburður	18.850	22.853
c) Almennar frílistavörur, sem beint eða óbeint eru verulegur þáttur í vísitölunni eða í framleiðslu útflutningsafurða eða landbúnaðarvara	144.983	169.009
d) Aðrar almennar frílistavörur, sem varasamt er að leggja gjald á	20.656	22.003
e) Allar aðrar almennar frílistavörur	138.819	151.146
	<u>423.863</u>	<u>485.971</u>
<u>2. Frílistavörur frá jafnkeypislöndum:</u>		
a) Vörur í flokki 2, sem beint eða óbeint eru verulegur þáttur í vísitölunni eða í framleiðslu útflutningsafurða eða landbúnaðarvara	5.169	5.897
b) Aðrar vörur í flokki 2, sem varasamt er að leggja gjald á	0 38.002	0 41.870
d) Allar aðrar vörur í flokki 2	<u>43.171</u>	<u>47.767</u>



	FOB þús.kr.	CIF þús.kr.
3. <u>Almennar, skilorðsbundnar frílistavörur:</u>		
a) Útvarpstæki	5.386	5.603
b) Allar aðrar skilorðsbundnar frílistavörur	115.040	123.991
	<u>120.426</u>	<u>129.594</u>
4. <u>Skilorðsbundnar frílistavörur frá jafnkeypslöndum:</u>		
a) Eldspýtur	345	385
b) Bifreiðir frá Tékkó-Slóvakíu og Rússlandi	548	630
c) Bifreiðir frá Ítalíu	977	1.122
d) Allar aðrar vörur í flokki 4	31.372	35.984
	<u>33.242</u>	<u>38.121</u>
5. <u>Vörur sérstaks eðlis:</u>		
a) Fólksbifreiðir frá öðrum löndum en Tékkó-Slóvakíu, Rússlandi og Ítalíu	7.228	8.275
b) Vörubifreiðir	16.809	19.623
c) Hjólbarðar og slöngur í bifreiðir og bifhjól	10.901	11.556
d) Áfengi og hreinn vínandi	4.835	5.611
e) Tóbaksvörur	10.899	11.742
f) Símatæki	2.962	3.046
g) Kjöt, kartöflur, hey, smjör, ónotuð frímerki, peningaseðlar	1.284	1.411
	<u>54.918</u>	<u>61.264</u>
6. <u>Allur annar innflutningur:</u>		
a) Skip og flugvélar	55.565	55.794
b) Vélar til fjárfestingarstarfsemi	8.209	8.784
c) Vélar og tæki til fiskveiða	18.390	19.207
d) Vélar og tæki til fiskvinnslu	4.377	4.604
e) Vélar og tæki til landbúnaðarframleiðslu	16.889	17.854
f) Vörur, sem beint eða óbeint eru verulegur þáttur í vísitölunni	0	0
g) Rekstrarvörur, sem beint eða óbeint eru verulegur þáttur í framleiðslu útflutningsafurða eða landbúnaðarvara	6.540	7.938
h) Ýmsar vörur, sem varasamt er að leggja gjald á, þar af 8 millj. kr. innflutningur kassagerða, sem tollur er endurgreiddur af	18.474	19.047
i) Allar aðrar vörur í flokki 6	202.937	234.543
	<u>331.381</u>	<u>367.771</u>

A l l s

1.007.001 1.130.488



Greinargerð

um innflutningsréttindi bátaúvegsmanna

og afkømu frystihúsanna

Aðstoðin við bátaúveginn

Afkoma bátaúvegsins veitur aðallega á þrennu: aflamagni í róðri, verðlagi erlendis á fiskafurðum og almennu kaupgjaldi innanlands.

Afli

Hér fer á eftir tafla, sem sýnir meðalafla í róðri allra þilfarsbáta við Faxaflóa á vetrarvertíð.

1948	7.1 tonn
1949	7.1 -
1950	5.9 -
1951	5.2 -
1952	5.0 -
1953	5.8 -
1954	7.9 -
1955	7.01) -

- 1) Talan fyrir 1955 er reiknuð án Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, vegna verkfallsins.

Því hefir oft verið haldið fram, að með gengislækkuninni í marz 1950 hafi ekki fengizt varanlegur rekstrargrundvöllur fyrir bátaúveginn. Taflan sýnir, að á árinu 1950 varð bátaúvegurinn fyrir miklu áfalli. Meðalafla í róðri við Faxaflóa minnkaði um 17%. Og þessi óheillapróun hélt áfram. Árið eftir er mununkunið orðin 27% og árið 1952 er hún orðin næstum 30%. Slíkri þróun hefði verið erfitt að spá á árinu 1949.

En síðustu árin hefir þróunin snúizt við. Á árinu 1954 jókst meðalaflinn um 36%. Miðað við lakasta árið, 1952, nam aukningin 58%. Það er því augljóst, að grundvöllurinn fyrir styrk til bátaúvegsins er orðinn allur annar árið 1954 en hann var árið 1951. Afli í róðri minnkaði nokkuð á árinu 1955, en róðrafjöldinn jókst að mun.

Heildarafla línubátanna hefir einnig aukizt mikið, þrátt fyrir litlar breytingar á flotanum. Heildaraflinn var sem hér segir:



Slægður fiskur með haus

1000 t.

1949	131
1950	132
1951	115
1952	135
1953	133
1954	174
1955	182 <sup>1)</sup>

1) Að nokkru áætlað

Verðhækkun

Afurðir bátaútvegsins hafa hækkað nokkuð í verði erlendis seinustu árin. Sé miðað við verðlag á þessum afurðum á tímabilinu apríl-desember 1950, þá hefir verðið hækkað fram á árið 1955 um samtals kringum 30%. Þegar á þetta er liðið, ásamt aflaaukningunni, þá sézt, að afkomugrundvöllur bátaútvegsins er nú að miklum mun betri en hann var árin 1950-1951.

Innflutningsréttindin

Upphaflega gerðu menn ráð fyrir, að styrkurinn til bátaútvegsins myndi nema 35-40 milljónum króna á ári. En hann hefir numið sem hér segir:

	m.kr.
1951	59
1952	78
1953	83
1954	114 <sup>1)</sup>
1955	137 <sup>2)</sup>

1) Að nokkru áætlað

2) Áætlað

Fyrirkomulag innflutningsréttindanna var upphaflega hugsað þannig, að með auknu aflamagni og herra utflutningsverði myndi framboð á innflutningsréttindunum aukast, og að með því að halda óbreyttum innflutningslista, myndi söluálagið lækka. Styrkurinn myndi þá lækka sjálfkrafa með batnandi afkomu. Í framkvæmdinni varð þetta á annan veg, Listinn hefir verið stækkaður eftir sem heildarverðmæti utfluttra bátaafurða hefir aukist, þ.e. aukinn styrkur með bættri afkomu. Þetta er langsamlega stærsti gallinn á fyrirkomulaginu. Hefir þetta leitt til þess, að tekjur sjómanna, utgerðarmanna og verkunaraðila hafa stórhækkað.

Framleiðslukostnaður

Frá því að gengislækkunin var framkvæmd og fram í ársbyrjun 1955 hafði hið almenna kaupgjald í landinu hækkað um kringum 60%, en nú er hækkunin orðin um 90%.



## Hlutur sjómanna

Meðalhásætahlutur á línuveiðum á vetrarvertíð við Faxaflóa hefur undanfarin ár verið sem hér segir:

1949	kr.	9.800
1950	-	10.200
1951	-	10.900
1952	-	14.100
1953	-	15.000
1954	-	26.000
1955	-	27.800

Miðað við meðaltal áráanna 1949-1950, nemur hækkunin 1955 178% og er hún um það bil tvöföld á við hækkun hins almenna kaupgjalds í landi. Þetta eru afleiðingarnar af því, að auk herra útflutningsverðlags og vaxandi afla, hefir bátautvegurinn fengið styrk í vaxandi mæli, en ekki minnkandi. Hvað sem öðru líður, þá er augljóst, að fyrirkomulag aðstoðarinnar er óviðunandi. Hafi kringum 25% styrkur, miðað við útflutningsverðmæti (þó ekki allar afurðirnar), verið hæfilegur árin 1951-1953, þá ætti hans ekki að þurfa með, eftir að aflinn hefir aukizt jafn mikið og raun ber vitni, og miðað við aðstæður og afkomu annarra atvinnugreina.

## Hraðfryst ihúsin

Um frystihúsin gilda samskonar reglur og um aðra milliliði: Það verður að greiða þeim fyrir þjónustuna minnst það mikið, að þeir haldi áfram starfrækslu sinni. Stærsti kostnaðarliður frystihúsanna er aðkeypt vinnuafll. Hið almenna kaupgjald ræður því langmestu um það, hve mikið starf frystihúsanna kostar, og hve mikið afgangs verður handa framleiðendum fisksins.

Oft hefir verið bent á það, að fiskverð til sjómanna sé að mun herra í Noregi en á Íslandi. En í Noregi er hið almenna kaupgjald kringum 4.50 norskar krónur um tímann. Þetta eru rúmar 10 krónur íslenskar. En hér er tímakaupið yfir 16 krónur. Þegar hinir íslenzku milliliðir hafa greitt sinn kostnað, verður því minna eftir. Fiskverðið til sjómanna verður því lægra. Hið almenna kaupgjald í landi ræður því miklu - ef ekki mestu - um afkomu sjávarutvegsins.

## Afkoma frystihúsanna

Um síðastliðin áramót var afkoma frystihúsanna athuguð og komizt að þeirri niðurstöðu, að hún væri góð. Húsin eru að talsvert miklu leyti afskrifuð og miklar umbætur hafa verið gerðar. Mikil ásókn er í byggingu nýrra húsa og stækkanir eldri. Meðalverðlag útfluttra afurða bátautvegsins hækkaði um 4% á árinu 1955.

Það er óumflýjanlegt, að eigendur frystihúsanna taki greiðslu fyrir vinnslu fisksins þannig, að húsin beri sig. Taki þeir minna verða þeir að hætta starfsemi sinni fyrr eða síðar. Taki þeir meira, er útgerðarmönnum frjálst að kaupa frystihús eða byggja sjálfir, en margir þeirra eru hluthafar í frystihúsafelögum.



Framleiðslukostnaðurinn 1956

Að venju hefir S.H. gert áætlun fyrir 1956 um framleiðslukostnað frystihúss, er framleiði 550 tonn af flökum á ári. Í rauninni hafa verið gerðar tvær áætlanir, önnur í júní, en hin í október síðastliðnum. Hin fyrri miðar við 20% hækkun kaupgjaldsins frá fyrra ári, hin síðari við 25% hækkun. Í hinni síðari eru ennfremur nokkrir nýir liðir. Þykir af þeim orsökum heppilegra að miða eftirfarandi við hana, enda er útkoman í báðum nokkuð svipuð.

Á undanförunum árum hafa skýrslur og áætlanir S.H. ævinlega verið lagðar til grundvallar öllum útreikningum og alyktunum. Athugun á skýrslum hennar og áætlunum hefir nær eingöngu beinst að því að rannsaka hið innra samræmi þeirra og að bera þær saman við augljósar staðreyndir, sem upplýsingar var hægt að fá um frá öðrum aðilum (framleiðsluskýrslur, verzlunarskýrslur, verzlunarsamninga, skattskýrslur o.s.frv.).

Áætlunin fyrir 1956

Áætlun S.H. fyrir 1956 gerir ráð fyrir því, að framleiðslukostnaður verði 6-7% hærri á árinu 1956 en um áramótin 1954/55, miðað við óbreytt fiskverð til batanna.

Nefndin gerir nokkrar athugasemdir við einstaka liði kostnaðaráætlunar S.H. Miðar nefndin hér við tvær algengar þakkingar. Til samanburðar er áætlun S.H. fyrir 1955.

I. Þorskflök, 8x7 lbs. roðlaus  
kr. pr. 1000 kg. af flökum

	<u>Áætlun S.H. fyrir 1955</u>	<u>Áætlun S.H. fyrir 1956</u>	<u>Áætlunin með breytingum nefndarinnar.</u>
A. Fiskur, verð kr. 1/15	3.565.00	3.565.00	3.565.00
B. Vinnumalaun	920.00	1.145.00	1.145.00
C. Umbúðir	308.00	304.00	304.00
D. Akstur, útskipun, hafnargj.	120.00	200.00	150.00 ✓
E. Frysting, geymsla	920.00	1.145.00	1.032.50 ✓
F. Útflutningsgjöld	155.00	155.00	155.00
G. Umboðslaun S.H., 2%	110.00	110.00	110.00
H. Úrgangur (mínus)	-	- 660.00	- 660.00
I. Vextir, 4.75%	305.06	322.10	161.05 ✓
K. Vætrygging, 3 o/oo	19.27	20.34	20.34 ✓
L. Afföll + hagnaður, 5%	-	339.06	-
M. Opinber gjöld	-	135.62	135.62
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
N. Pr. 1000 kg. flaka	6.422.33	6.781.12	6.457.57



II. Þorskflök, 10x5 lbs. (USA)

kr. pr. 1000 kg. af flökum

	Áætlun S.H. fyrir 1955	Áætlun S.H. fyrir 1956	Áætlunin með breyt- ingum nefnd- arinnar
A. Fiskur, verð kr. 1/15	4.197.50	4.197.50	4.197.50
B. Vinnulaun	1.250.00	1.560.00	1.560.00
C. Umbúðir	990.00	1.020.00	1.020.00
D. Akstur, útskipun, hafnargj.	120.00	200.00	150.00
E. Frysting, geymsla	1.250.00	1.560.00	1.405.00
F. Útflutningsgjöld	170.00	200.00	200.00
G. Umboðslaun S.H. 2%	120.00	140.00	140.00
H. Úrgangur (mínus)	-	- 835.00	- 835.00
I. Vextir, 4.75%	405.09	434.36	217.18
K. Vátrygging, 3 o/oo	25.58	27.43	27.43
L. Afföll + hagnaður, 5%	-	457.22	-
M. Opinber gjöld	-	182.89	182.89
N. Pr. 1000 kg. flaka	8.528.17	9.144.40	8.265.00

Þó að athugun nefndarinnar nái skammt, þar sem hún breytir ekki nema fáum liðum í áætlun S.H., nægir það samt til þess að sýna, að frystihúsin geta tekið á sig þá hækkun, sem orðin er á kaupgjaldinu enn sem komið er. Er framleiðslukostnaður fyrri þakkingarinnar áætlaður 5%, og seinni þakkingarinnar nærri 11% of hátt.

Hér fara á eftir skýringar við einstaka liði.

A. Nýting á fiski. Smávægilegar breytingar. (Aftur á móti var fiskmagnið, sem áætlað er að fari til framleiðslu á hverju tonni af flökum fyrir markað í Bandaríkjunum, hækkað um 10% í áætluninni fyrir 1955 og er enn við það miðað).

B. Vinnulaunaliðnum hefir ekki verið breytt, enda þótt miðað sé þar við herra kaupgjald en nefndin miðar við í tillögum sínum.

C. Umbúðir. Aðalbreypingin frá fyrra ári er hækkun á dýrustu umbúðunum, í kringum 3%.

D. Akstur o.s.frv. Þennan lið hefir S.H. hækkað úr kr. 120 í kr. 200 á tonn, eða um 67%, sem er óþarflega mikið. Hækkun í kr. 150 ætti að nægja. (Í júní-áætluninni hækkaði S.H. liðinn í kr. 130).

E. Fastan kostnað hækkar S.H. um 25%. Í þessum lið eru afskriftir og vextir af fjármagni bundnu í húsinu, innfluttar vörur svo sem olíur, ammoníak o.fl. Auk þess eru í honum laun vélamanna, viðhald o.fl.

Nefndin telur, að enginn grundvöllur sé fyrir því að telja, að allur frysti- og geymslukostnaðurinn ("fasti kostnaðurinn") hækki jafnt og vinnulaunin, þ.e. um kringum 25%. Slík reikningsaðferð þýðir t.d., að afskriftir og vextir (af 2.000.000 kr.) er hækkað um 25%. Svarar það til þess, að verð frystihússins, sem við er miðað í þessu sambandi, sé þar með í einu stökki hækkað um 25%, þótt hið almenna verðlag hafi ekki hækkað neitt svipað þessu á tímabilinu. Þetta er enn síður ástæða til að gera, þegar þess



gætt, að húsin eru þegar mikið afskrifuð, enda langflest byggð fyrir 1950.

Miðað við þessa áætlun telur nefndin hæfilegt að hækka fasta kostnaðinn um 12 1/2 %, þar sem þetta myndi svara nokkurn veginn til fullrar hækkunar á helmingi fastakostnaðarins, þ.e. þeirra liða hans, sem eru breytilegir miðað við það tímabil, sem hér er miðað við (vinnulaun o.s.frv.). Með þessu hækkar fasti kostnaðurinn úr kr. 1.075 pr. tonn í kr. 1.209 að meðaltali.

F, G og K. Útflutningsgjald, umboðslaun og váttrygging. Þessir liðir eru svo til óbreyttir.

H. Úrgangur. Þetta er nýr liður, og kemur andvirðið til frádráttar framleiðslukostnaðinum. Hefir úrgangurinn aldrei verið tekinn með á reikningana fyrr en nú, nema karfaúrgangur. Hér eru að sjálfsögðu ekki nýjar tekjur, heldur ný reikningsfærsla.

I. Vextir. Vegna hærri framleiðslukostnaðar verður vaxtakostnaðurinn nokkru hærri. Hins vegar gerir S.H. ráð fyrir löngum geymslutíma, eða 10 1/2 mánuði, sem er of langur meðaltalstími að aliti nefndarinnar. Hér er um að ræða tíma, sem féð er bundið í afurðunum að meðaltali. Meginhluta framleiðslukostnaðarins fær útflytjandinn um leið og varan er seld úr landi. Þegar selt er í umboðssölu (USA) tekur þó greiðslan lengri tíma. Ennfremur þurfa frystihúsin að bíða enn lengur eftir þeim tekjum, sem eru andvirði innflutningsréttindanna. Telur nefndin hæfilegt að áætla tímabilið að meðaltali helming þess, sem áætlunin gerir ráð fyrir. Í þessum lið eru reiknaðir vextir af eigin fé, að svo miklu leyti sem það er bundið í rekstrinum.

Hér er þess að gæta, að almenn vaxtahækkun myndi breyta þessum niðurstöðum, en hinsvegar myndu aðrar tillögur nefndarinnar, ef til framkvæmda koma, leiða til þess, að utflytjendur fengju framleiðslustyrkinn um leið og afurðirnar.

L og M. Gegn úrganginum (liður H) reiknar S.H. með tveimur nýjum liðum: afföllum og hagnaði, 5%, og opinberum gjöldum, 2%. Hér er ekki um ný utgjöld að ræða, heldur nýja reikningsfærslu.

Ekki er fjarri lagi að liður H annarsvegar og liðir L og M hinsvegar vegi hvor aðra upp í mörgum tilfellum. Á hinn bóginn viðurkennir nefndin ekki, að rétt sé að frystihúsin reikni sér sérstaklega hagnað af veltunni. Þeim hafa þegar verið reiknaðir vextir og afskriftir af fjármagni bundnu í húsinu. Sama máli gegnir um vexti af fé, sem þau eiga í rekstrinum, með því að reikna vaxtakostnað af öllum framleiðslukostnaðinum.

- o -

Eins og áður segir er framleiðslukostnaðurinn of hátt áætlaður, miðað við fiskverðið kr. 1/15. Liðirnir, sem of hátt eru reiknaðir eru fasti kostnaðurinn, akstur og útskipun, afföll og hagnaður af veltunni. Og er þá aðallega miðað við fyrri áætlanir S.H. Nema þessar upphæðir nokkru meiru en hækkunin á heildar framleiðslukostnaðinum á tonnið (sem er 6-7%).



Söluáætlun S.H. fyrir 1956

Á grundvelli núverandi fiskverðs og áætlaðs framleiðslu-  
kostnaðar og verðlags á útflutningsafurðunum hefir S.H.  
gert áætlun um heildarframleiðslu og sölu afurðanna á árinu  
1956. Áætlunin sýnir því samanburð á áætluðum framleiðslu-  
kostnaði og áætlaðri framleiðslu ársins. Í tölunum hér á  
eftir er miðað við síðari kostnaðaráætlun S.H. Útkoman er  
svipuð við hvora, sem miðað er. En hin síðari byggist á  
hinum nýja grundvelli.

Gert er ráð fyrir því, að heildarframleiðsla flaka 1956  
verði 40.300 tonn. Eftirfarandi er utdráttur úr áætluninni.

	Fram- leiðsla tonn	Verðmæti FOB m.kr.	Innfl. réttindi 55%	Samtals	Framl. verðmæti (kostn.)	Þar af fasta- kostn.
Þorskflök	24.453	134.3	17.0	151.3	184.2	32.1
Ýsuflok	2.378	14.0	1.9	15.9	20.9	3.7
Karfaflok	<u>13.446</u>	71.4	-	<u>71.4</u>	<u>91.7</u>	<u>19.0</u>
	40.277			238.6	296.8	54.8

Samkvæmt þessum áætlunum nemur tapið 58,2 m.kr., þrátt  
fyrir innflutningsréttindin, en af þeim fá husin 55%, ut-  
gerðin 45%. Við þetta er einkum tvennt að athuga.

1. Athugun á kostnaðarreikningum húsanna hefir sýnt,  
að þau ofreikna framleiðslukostnaðinn, þannig að telja verður  
að draga megi 6.5% frá heildarkostnaðinum, sem er 296.8 m.kr.  
Þetta er nokkurn veginn jafnt hinni áætluðu hækkun fram-  
leiðslukostnaðarins á árinu 1956, eða 19.3 m.kr.

2. Fasti kostnaðurinn miðast við, að frystihús, sem  
framleiðir 550 tonn á ári, beri sig. Í S.H. eru kringum  
45 hús, en miðað við framleiðslu meðalhússins er heildar-  
framleiðslan tæp 24.750 tonn. En eins og áður segir gerir  
S.H. ráð fyrir því, að framleiðslan verði rúmlega 15.000  
tonnum meiri.

S.H. taldi á síðasta ári fastan kostnað nema kr. 1.075  
á tonn að meðaltali, en með 12 1/2 % hækkun verður hann  
kr. 1.209. Fasti kostnaðurinn við að frysta 24.750 tonn  
verður þá 29.9 m.kr. Þetta ætti að vera fasti kostnaðurinn  
fyrir öll husin. Frystihúsin ofreikna fasta kostnaðinn  
því til mikilla muna, þegar framleiðslan fer langt yfir  
þessi 24.750 tonn, eða upp í 40.277 tonn samkvæmt áætlun-  
inni. Þau reikna sér hann 54.8 m. kr. í áætluninni yfir  
heildarframleiðsluna, og hafa þar reiknað 25% hækkun á  
fasta kostnaðinn, ekki 12 1/2 %. Við höfum hins vegar  
dregið 6 1/2 % frá heildarkostnaðinum, þar á meðal frá fasta  
kostnaðinum, og er hann þá lækkaður ofan í 51.2 m.kr. En  
þetta eru 21.3 m.k. meira en þau annars telja sig þurfa,  
þ.e. í framleiðslukostnaðaráætluninni, þar sem miðað er við  
meðalhús.

Þessir tveir liðir, sem nefndin telur ofreiknaða,  
nema  $19.3 + 21.3 = 40.6$  m.k. Nú sýnir áætlunin halla, er  
nemur 58.2 m.k. Verður því enn eftir halli, að upphæð  
17.6 m.kr. ( $58.2 - 40.6$  m.kr.).



## Verðlag útflutningsafurða

Eftir er þá að líta á hina hliðina: áætlað verðlag útflutningsins. Eins og áður segir hefir verðlag útflutningsafurða bátautvegsins hækkað um 4% á árinu, sem er að líða.

### Þorsklök

Áætlun S.H. fyrir 1956 sýnir að mestu óbreytt verðlag á árinu í Evrópu, en þó aðeins hækkun. Hér mun vera stuðst við samninga við þýðingarmestu markaðslöndin.

Á hinn bóginn gerir S.H. ráð fyrir stórfelldri lækkun á fiskverðinu í Bandaríkjunum. Lætur nærri að á þorskinum nemi hún að meðaltali 20%. Virðist þetta allt of svartstýn spá. Í október-desember hefti Commercial Fisheries Outlook, sem gefið er út af stjórnarstofnun í Bandaríkjunum, er þessi spá um verð á þorski: "Prices should increase during the first two months of the fourth quarter and remain firm in December". Er stuðst þar við tölulegar upplýsingar um birgðir og verðlag. Að vísu var verðlag á nýjum og frosnum fiski heldur lægra fyrri hluta ársins en á sama tíma í fyrra. En enginn grundvöllur er fyrir spá um stórkostlega lækkun. Þó þykir mega gera ráð fyrir 5% lækkun.

Má því telja, að tekjur af væntanlegri sölu þorsklaka til Bandaríkjanna séu áætlaðar um 6 m.kr. of lágt (42.7 m.kr. í stað 48.7 m.kr.).

### Ýsuflök

S.H. reiknar með rúmlega 20% lækkun á verði á ýsuflökum til Bandaríkjanna. Samkvæmt fyrgreindum upplýsingum virðist mega búast við óhagstæðari þróun á verðlagi ysu en þorsks, og telur nefndin hæfilegt að reikna með 15% lækkun. Samkvæmt því má telja, að tekjurnar séu 0.5 m.kr. of lágt áætlaðar af S.H.

### Karfaflök

S.H. gerir ráð fyrir 12% lækkun á verðinu á karfaflökum í Bandaríkjunum. Virðist varlega áætlað að gera ráð fyrir því, að tekjurnar séu áætlaðar 5% of lágar. Svarar þetta til rúmlega 1 m.kr. hækkunar.

Áætlun S.H. varðandi Bandaríkin telur nefndin því um það bil 7.5 m.kr. of lág.

### Niðurstöður

Með þeim breytingum, sem nefndin hefir gert á áætlun S.H. hér að framan, vantar enn um 10 m.kr., til þess að tekjur og framleiðslukostnaður standist á, og eru þá í framleiðslukostnaðinum taldir fullir vextir af höfuðstól og fyrningar.

Ennfremur er reiknað með 25% kauphækkun frá því í fyrra, en nefndin miðar hinsvegar í tillögum sínum við um 20% hækkun.

Loks er þess að geta, að nefndin hefir enga aðstöðu haft til að rannsaka ymsa veigamikla kostnaðarliði í áætlunum S.H., en þar má gera ráð fyrir ofreiknuðum kostnaði,



er nemur all háum upphæðum, enda engin ástæða til að ætla að þeir liðir, sem nefndin hefir kannað, séu serstæðir hvað það snertir.

Að öllu þessu athuguðu, telur nefndin, að að svo miklu leyti sem hægt er að gera sér grein fyrir framleiðslukostnaði frystihúsanna og söluhorfum, geti þau, þrátt fyrir áorðnar kauphækkanir, greitt sama fiskverð og undanfarið, án þess að styrkurinn til þeirra sé hækkaður.

### Innflutningsréttindin og fiskverðið

Fremst í þessari greinargerð er tafla, sem sýnir hve háum upphæðum innflutningsréttindin hafa numið árlega 1951-1954. Þegar þessar upphæðir eru bærnar saman við heildarafla bátanna, fæst fram, hve miklu innflutningsréttindin hafi numið miðað við hvert kílógram af fiski. Hér verður að sjálfsgöðu að taka tillit til þess, að tekjurnar af innflutningsréttindunum eru ekki allar tengdar fiskverðinu til bátanna.

a) Hrogn. Bátunum eru reiknaðar tekjur af fiski, lifur og hrognum. Lifrin er utan innflutningsréttindakerfisins. En andvirði hrognanna, ásamt álagi á þau, kemur til skipta jafnt og andvirði fisksins. Álagið á skirteini vegna hrognanna, kemur fram sem herra verð á hrognum, ekki fiski.

b) Rækjur og humar. Um þessar afurðir gildir svipað og um hrognin. Þær hafa sjálfstætt verðlag.

c) Annað. Lítil hluti réttindanna 1953 og 1954 var bundinn afla annarra skipa en bátanna.

Hér fer á eftir tafla, er sýnir, hvernig tekjur af innflutningsréttindunum hafa breytt miðað við fiskaflann árin 1951-1954.

### Tekjur af skirteinum, sem renna til greiðslu fiskverðsins

Ár	Alls tekjur M.kr.	Þar af tekjur tengdar fiskverðinu	Afli 1000 t.	Aurar pr.kg. af fiski	Vísitala 1951:100
1951	59	57.1	115	49.65	100
1952	78	75.3	135	55.8	113
1953	83	77.0	133	57.9	117
1954	114 <sup>1)</sup>	108.4	174	62.3	126
1955	137 <sup>2)</sup>				

1) Að nokkru áætlað 2) Áætlað

Tekjur þær, sem tengdar eru fiskverðinu, eru fyrir skirteini ut á eftirfarandi afurðir: allan fisk, nyjan, saltaðan, hertan, niðursoðinn, ennfremur þunnildí, fiskroð og fiskimjöl.

Niðurstaðan er mjög athyglisverð. Hún sýnir, að tekjurnar af kerfinu, þær, sem tengdar eru fiskverðinu, hafa farið hækkanði ár frá ári, og nokkurn veginn í hlutfalli við



útflutningsverðlagið ("vísitala").

Innflutningsréttindin skiptast þannig, að útgerðarmaðurinn fær 45%, en kaupandi aflans 55%. Hér er hinsvegar aðeins átt við þau skírteini, sem gefin eru út vegna afurða, sem runnar eru frá sjálfum fiskbolnum, aukaafurðirnar ekki teknar með. Þær eru: fiskimjöl, þunnildi og fiskroð. Innflutningsréttindi vegna þessarar afurða renna óskipt til verkunarstöðvanna. Þau 45%, sem útgerðarmaðurinn fær, eru því 45% af þeim skírteinum, sem gefin eru út vegna afurða fiskbolsins.

Tekjur af innflutningsréttindum

Fiskur aðeins

Ár	Alls Tekjur M.kr.	Tekjur að frádregnum af aukatekjum	Þar af		Aurar pr.kg. af fiski		Samtals aurar pr. kg.
			55% M.kr.	45% M.kr.	55%	45%	
1951	59	51.0	28.1	22.9	24.4	19.9	44.3
1952	78	65.8	36.2	29.6	26.8	21.9	48.7
1953	83	68.9	37.9	31.0	28.5	23.3	51.8
1954	114 <sup>1)</sup>	95.9	52.8	43.1	30.3	24.8	55.1
1955	137 <sup>2)</sup>						

1) Að nokkru áætlað. 2) Áætlað.

Tölurnar sýna, að útgerðarmaðurinn hefir fengið 19.9 aura pr.kg. af fiski, slægðum með haus, fyrir 45% réttindanna 1951, en að þessi upphæð hefir farið hækkandi og kemst upp í 24.8 aura pr.kg. árið 1954. Hækkunin frá 1951 nemur 24.6%.

Auk þeirra tekna, sem taflan sýnir, að hraðfrystihúsin hafa fengið fyrir fiskinn sjálfan (55%) hefir allt álagið á eftirtaldar afurðir runnið til þeirra: fiskimjöl, fiskroð og þunnildi. (Einnig hafa þau fengið hrognin, en telja verður, að álagið komi fram í hrognverðinu). Þessar tekjur gera frystihúsunum kleift að greiða herra fiskverð, og þarf því að bæta þeim við tekjurnar af innflutningsréttindunum vegna afurða fiskbolsins.

Tekjur frystihúsanna af innflutningsréttindunum

tengdar fiskverðinu

Ár	Tekjur alls tengdar fiskverðinu	Aurar pr.kg. af fiski	100% álagsins á aukafurðir, frystihúsanna, au.pr.kg.		55% plús aukaafurðir	
			45% til útgerðarmanns	afurðir, frystihúsanna, au.pr.kg.	au.pr.kg.	vísi tala
1951	57.1	49.65	19.9	5.35	29.75	100
1952	75.3	55.8	21.9	7.1	33.9	114
1953	77.0	57.9	23.3	6.1	34.6	116
1954	108.4	62.3	24.8	7.2	37.5	126



Af tölunum er ljóst, að frystihúsin hafa fengið 5 til 7 auru pr. kg. af fiski fyrir rettindi sín ut á aukaafurðir.

Fyrir árið 1951 eru niðurstöðurnar þá þær, að útgerðarmaðurinn hefir fengið 19.9 auru pr. kg., frystihúsin 29.8 auru. Árið 1954 eru upphæðirnar orðnar; útgerðarmaðurinn 24.8 auru, frystihúsin 37.5 auru, eða báðir aðilar samtals 62.3 auru pr. kg.

Í þessum útreikningi er byggt á raunverulegu söluandvirði innflutningsskírteina, samkvæmt uppgjöri, en þó er reiknað fyrir aukaafurðirnar með hinu árlega meðalalagi á skirteinin (1951: 55.1%; 1952: 52,5%; 1953: 56,1%; 1954: 54,4%).

### Upplýsingar frá LIÚ

Samkvæmt upplýsingum frá LIÚ eru tekjur af 45% innflutningsréttindanna, að sögn sölusamtaka framleiðendanna, miðað við þorsk, sem hér segir:

	<u>Aurar pr. kg.</u>	
	<u>1954</u>	<u>1955</u>
S.H.	20.337	17.942
S.I.F.	20.593	19.745
S.S.F.	23.000	20.500

Samkvæmt þessu áætla LIÚ, að 45% innflutningsréttindanna gefi að meðaltali 19.5 auru pr. kg. af fiski 1955. Þetta er lækkun frá 1954, líklega um 1.5 eyri. Fyrir S.H. eitt er lækkunin 2.4 auru, en yfirlit LIÚ nær aðeins til 4 vinnslustöðva: á Akranesi, Vestfjörðum, Suðurnesjum og í Vestmannaeyjum. Lækkunin stafar af skerðingu réttindanna á árinu 1955, sem bitnaði fyrst og fremst á þessum stöðum.<sup>1)</sup> En talan, sem LIÚ reiknar með fyrir 1954, er rúmlega 4 auru lægri en niðurstaða nefndarinnar hér að framan.

Þótt hér sé miðað við þorsk, þá virðist það ekki skipta miklu máli, þar sem innflutningsréttindin fyrir aðrar fisktegundir virðast gefa svipað.

### Niðurstöður

Frystihúsin hafa undanfarið greitt kr. 1.15 fyrir fiskinn, en borið úr bytum 34.6 til 37.5 auru pr. kg. fyrir innflutningsréttindin, þannig að að þeim frátöldum hafa þau greitt 77.5 - 80.4 auru fyrir fiskinn.

Hækkun útflutningsverðsins um 4% munar um það bil 8% á hráefnisverðinu, ef vinnslukostnaðurinn er óbreyttur. Ennfremur hefir slík hækkun í för með sér aukningu á tekjum þeim, sem innflutningsréttindin gefa. Hefir skerðing innflutningsréttindanna yfir vertíðina í ár því haft tiltölulega lítil áhrif á afkomu frystihúsanna miðað við 1954.

1) Upplýsingar LIÚ eru frá maí, 1955. Mun ekki tekið tillit til hækkunar útflutningsverðlagsins. Hun, ásamt aukningu aflamagnsins, þýðir, að engin skerðing hefir orðið. Síðan hefir sem kunnugt er alagið á skirteinin fyrir 1955 verið hækkað.



Ástæðan fyrir því, að grípa varð að nýju til útflutningsstyrkja árið 1951, var - eins og áður hefir verið minnst á - fyrst og fremst aflagrestur. Þessi leið var valin í þeirri von, að aflinn myndi glæðast aftur. Þetta hefir reynzt rétt. En ekki hefir tekizt að minnka styrkinn, hvað þá afnema hann. Í reyndinni hefir hann aukizt stórkostlega ár frá ári og þar með tekjur þeirra, sem stunda þennan atvinnurekstur. Framkvæmd styrkja-fyrirkomulagsins er þannig, að því meiri, sem tekjur báta-utvegsins og hraðfrystihúsanna eru af afla og sölum, þeim mun meiri er styrkurinn. Á einu einasta ári, frá 1953 til 1954, hækkaði meðalhlutur sjómanna á vélbátum um hvorki meira né minna en 50% (við Faxaflóa um 58%). Í ár voru innflutningsréttindin lækkuð um 10% á vetrar-vertíðinni. Þrátt fyrir þá skerðingu, mun styrkuppþæðin hafa enn aukizt á árinu, þótt endanlegar tölur liggi ekki fyrir.



Ný fjármunamyndun 1954 og 1955

Samanburður á eldri (janúar 1955) og nýrri (desember 1955) áætlunum Framkvæmdabankans um fjármunamyndun 1954, ásamt áætlun fyrir 1955, sem gerð er á sama grundvelli og síðari áætlunin fyrir 1954:

	1954		<u>1955</u> M.kr.
	<u>Áætlun í</u> jan. '55 M.kr.	<u>Áætlun í</u> des. '55 M.kr.	
<u>1. Landbúnaður</u>			
a. Bústofn	45.5	44.7	12.6
b. Ræktun og girðingar	23.0	37.1	31.3
c. Vélbúnaður	24.2	26.5	35.0
d. Útihús	46.3	55.6	(54.7)
e. Sláturhús, mjólkurbú o.fl.	4.9	5.0	7.9
f. Landgræðsla og skógrækt	1.9	2.1	2.4
Alls	<u>145.8</u>	<u>171.0</u>	<u>143.9</u>
<u>2. Sjávarútvegur</u>			
1. Togarar	-	-	-
2. Batafloti	5.0	14.6	20.5
3. Vinnslufyrirtæki í þágu sjávarútvegsins			
a. Vélar og tæki	} 18.9	14.9	25.0
b. Byggingar		4.0	(4.0)
Alls	<u>23.9</u>	<u>33.5</u>	<u>49.5</u>
<u>3. Námuvinnsla</u>	<u>1.0</u>	<u>1.0</u>	<u>1.0</u>
<u>4. Raforka</u>	<u>40.0</u>	<u>49.0</u>	<u>48.0</u>
<u>5. Jarðhiti</u>	<u>2.5</u>	<u>7.8</u>	<u>4.0</u>
<u>6. Áburðarverksmiðja</u>	<u>19.7</u>	<u>19.7</u>	<u>0.6</u>
<u>7. Sementsverksmiðja</u>	<u>1.8</u>	<u>1.8</u>	<u>6.0</u>
<u>8. Ýmis konar iðnaður</u>			
a. Vélar og tæki	} 15.1	18.8	28.9
b. Byggingar		15.1	(20.0)
Alls	<u>15.1</u>	<u>33.9</u>	<u>48.9</u>
<u>9. Olíustöðvar og dreifingarkerfi</u>	<u>1.1</u>	<u>1.1</u>	<u>(1.1)</u>
<u>10. Verzlunar- og gistihús</u>	-	<u>22.4</u>	<u>(20.0)</u>



	1954		
	Áætlun í jan. 55 M.kr.	Áætlun í des. 55 M.kr.	1955 M.kr.
<u>11. Samgöngur</u>			
a. Vega- og brúagerðir	23.8	23.0	27.9
b. Gatna og holræsagerð	16.0	16.0	(18.0)
c. Hafnar og vitabyggingar			
1) Vitamálastjórn	) 22.8	16.7	20.4
2) Reykjavíkurhöfn		9.0	(5.0)
d. Bifreiðir	-	44.9	151.1
e. Póstur, sími og útvarp	14.9	14.9	(15.0)
f. Flugvellir og skýli	3.0	4.5	3.2
g. Flugvélar	8.6	8.4	9.3
h. Verzlunarskipastóll	39.3	40.3	12.3
Alls	128.4	177.7	262.2
<u>12. Opinber þjónusta o.fl.</u>			
a. Skólar	9.1	8.6	11.8
b. Sjúkrahús	17.8	16.3	(16.0)
c. Felagsheimili	6.3	4.3	(5.0)
d. Aðrar opinberar byggingar	6.5	7.1	(8.0)
e. Vatnsveitur	2.0	3.5	2.4
Alls	41.7	39.8	43.2
<u>13. Íbúðarhús</u>			
a. Í sveitum	29.3	29.3	(37.0)
b. Í kaupunum	45.3	45.3	(54.0)
c. Í kaupstöðum	48.7	48.7	(67.0)
d. Reykjavík	121.9	121.9	(140.0)
Alls	245.2	245.2	298.0
Samtals	666.2	803.9	926.4



A T H U G A S E M D I R

1. Áætlanir um fjármunamyndun 1954

Aðalbreytingar milli eldri (janúar) og nýrri (desember) áætlana eru þessar:

Liðirnir 1 b. Ræktun og girðingar og 1 d. útihús eru hækkaðir um alls 23.4 M.kr. í samræmi við nýja áætlun um fjármunamyndun í landbúnaði.

Liðurinn 2 b. Batafloti er hækkaður um 9.6 M.kr. í samræmi við nýja áætlun um verðmæti skipaflotans (sept. 1955)

Liður 4 c. Aðrar raforkuframkvæmdir er hækkaður um 9.0 M.kr. samkvæmt nýjum upplýsingum (nóv. 1955) frá Raforkumálastjóra.

Liður 8 Ýmiskonar iðnaður er hækkaður um 18.8 M.kr. í samræmi við skýrslur um vélvæðingu iðnaðarins (sept. 1955)

Liður 10 Verzlunar- og gistihús er hækkaður um 22.4 M.kr. í samræmi við skýrslu Innflutningsskrifstofunnar - en kostnaður var hér áður talinn til viðhalds.

Liður 11 d. Bifreiðar er nú tilfærður sem 44.9 M.kr., og er það áætlað verðmæti allra bifreiða innfluttra á árinu. Í eldri áætlun var gengið út frá því, að viðbót næði ekki samtíma rýrnun. Þennan lið ætti sennilega ekki að telja til nýrrar fjármunamyndunar að öllu.

Aðrar breytingar eru smávægilegar.

2. Áætlun um fjármunamyndun 1955

Tölur fyrir 1955 ber að skoða sem bráðabirgðatölur, er kunna að breytast verulega við endurskoðun.

Eftir því sem unnt er, hafa kostnaðarliðir, sem teljast til viðhalds fjármuna, verið teknir út úr ofanrituðu (sbr. þó bifreiðar). Liðir, sem litlar eða engar upplýsingar eru til um, eru settir innan sviga.



